



**SKOÐUN** Mannorð verður ekki endurheimt með afskriftum, skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **11**



**MENNING** Tónleikar hljómsveitarinnar Of Monsters and Men á Faktory fá fjórar stjórnur. **16**



**SPORT** Þrír markmenn berjast um tvær lausar stöður í íslenska hópnunum á HM í handbolta á Spáni. **18**



**já elskan**

Nýtt íslenskt dansverk eftir Steinunni Ketilsdóttur.

Síðustu sýningar:

9. OG 10. JANÚAR

JAELSKAN.IS / LEIKHUSID.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

7. janúar 2013

5. tölublað 13. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Hafna sáttatillögum

Stjórnarandstæðingar í Sýrlandi gefa lítið fyrir ræðu sem Bashar Assad forseti hélt í gær. Forsetinn var einnig gagnrýndur af vestrænum ráðamönnum. **4**

**Eldhætta í janúar** Meiri hætta er á að kveikt sé í rusli við fyrirtæki og stofnanir í janúar en á öðrum tímum ársins. **2**

**Bíða eftir lyfjum** Bræður með sjaldgæfan erfðasjúkdóm hafa enn ekki fengið nauðsynleg lyf. **2**

**Flotinn stækkar** Icelandair hefur fest kaup á tveimur Boeing-pötum og stækkar með því flota sinn. Vélar í rekstri verða með því átján talsins. **6**



Bolungarvík	1°	NA	3
Akureyri	1°	N	1
Egilsstaðir	3°	NV	5
Kirkjubæjarkl.	3°	NA	2
Reykjavík	3°	ANA	6

**Bjart um tíma** á landinu í dag en bykknar upp með vaxandi vindi sunnan- og vestanlands þegar liður á daginn. Vægt frost inn til landsins. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



23<sup>rd</sup> IHF MEN'S WORLD CHAMPIONSHIP  
**HANDBALL 2013** SPORT HD

**FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS**

Vís Arion banki VILTOR ICELANDAIR

# Fáa lækna langar aftur heim

Rúmur helmingur íslenskra lækna sem búa og starfa í útlöndum hefur ekki gert upp hug sinn hvort hann vilji snúa aftur heim. Færri ætla sér að snúa heim en nægir til að standa undir endurnýjun í stéttinni.

**HEILBRIGÐISMÁL** Sextán prósent íslenskra lækna sem starfa og búa í útlöndum ætla ekki að snúa aftur heim til Íslands. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Davíð B. Þórisson, læknir í Lundi í Svíþjóð, hefur gert meðal kollega sinna í útlöndum.

Davíð segir ljóst að lækna séu tvístífgandi vegna þess að á Íslandi hafi orðið hrap í kjörum og starfsaðstæðum. Þá sé viðhorf og stefna ríkisstjórnar læknum fjandsamleg. „Stéttin hefur mátt sitja undir skítasti frá almenningi og jafnvel sjálfum heilbrigðismálaráðherra. Til dæmis eru launaháir lækna notaðir sem staðalviðmið fyrir alla stéttina án þess að horft sé á alla vaktavinnuna sem liggur að baki.

Ekki er langt síðan sérfræðingur Landspítalans benti á að dóttir hans fengi hærra kaup fyrir sjoppuvakt en hann á spítalavaktinni, enda flutti sá aftur til útlanda.“

Davíð, sem er að flytja aftur heim eftir fimm ára sérnám í Svíþjóð, segir könnunina sýna að hér stefni í læknaskort. Sextán ætla að flytja til Íslands á næstu tveimur árum og 47 á næstu tíu árum.

Hann segir fjölskylduástandur ráða því að hann flytji heim en ytra hafi hann getað haldið uppi þriggja barna fjölskyldu á launum deildarlæknis. „Ég hef áhyggjur af því að brenna út vegna þess að ég sé hvernig álagið hefur stóraukist bara á þessum fimm árum,“ segir

hann. Þá sé læknaflóttinn ekki að minnka og yfirvöld sinnulaus.

Að sérnámi loknu langi hann til þess að eiga sér líka líf utan læknisfræðinnar og lesa fleiri bækur en læknadoðranta. Börnin þurfi athygli og hann sé síður tilbúinn til að taka að sér vaktavinnu. „Þess vegna vil ég réttlát dagvinnulaun og viðráðanlega vaktabyrði,“ segir hann.

Þá segir Davíð oft gleymast í orðræðu um lækna sem hálaunastétt að þeir séu 12 til 15 ár í námi þar til þeir að lokum komast á sérfræðingslaun. „Og einmitt þá fyrst eru margir að byrja að koma fótunum undir sig á meðan aðrir hafa verið í fullri vinnu stóran hluta tímans og greitt inn á íbúðalán. Það er langt í

„Ekki er langt síðan sérfræðingur Landspítalans benti á að dóttir hans fengi hærra kaup fyrir sjoppuvakt en hann á spítalavaktinni, enda flutti sá aftur til útlanda.“

Davíð B. Þórisson læknir í Lundi í Svíþjóð

frá ókeypiss að flytja milli landa og síðan byrja upp á nýtt og á sama tíma sinna fjölskyldunni. Það vill enginn hamast á vöktum til að geta átt nóg fyrir sig eða sína.“

- óká / sjá síðu 6



**JÓLIN KVÖDD** Pessir Vesturbæingar voru á meðal þeirra sem kvöddu jólin með þrettándabrennu KR á Ægisíðu í gærkvöldi. Farið var í skrudgöngu frá KR-heimilinu að Ægisíðu þar sem sungin voru lög við harmonikkuundirleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ásgeir Trausti sló rækilega í gegn með plötu sinni Dýrð í dauðapögn:

## Söluhæsta frumraun sögunnar

**MENNING** Dýrð í dauðapögn með Ásgeiri Trausta er söluhæsta frumraun íslenskrar tónlistarsögu á Íslandi þegar tölur yfir útgáfuárið eru skoðaðar.

Platan kom út í september og seldist í um 22 þúsund eintökum fyrir jólin, samkvæmt útgefandanum Senu, þegar allir söluaðilar og allar útgáfur plötunnar eru teknar með í reikninginn. Engin önnur frumraun hefur selst jafnmikið á útgáfuári hér á landi.

Of Monsters and Men hefur einnig selt sína fyrstu plötu, My Head Is an Animal, í um 22 þúsund eintökum, samkvæmt Record Records, en þær tölur ná yfir tvö ár. Platan kom út

2011 og seldist þá í um níu þúsund eintökum. Á síðasta ári bættust um þrettán þúsund eintök í sarpinn.

Eiður Arnarsson hjá Senu, sem gaf út Dýrð í dauðapögn, segir sig ekki hafa órað fyrir þessum gífurlegu vinsældum þegar hann fékk plötuna fyrst í hendurnar. „Það fyrsta sem ég sagði við samstarfsmenn mína var að við yrðum alla vega stoltir af að hafa gefið hana út. Þessu fylgdi von um að hún myndi standa undir sér.“

Ásgeir Trausti fékk mikið umtal áður en platan kom og var eftirvæntingin eftir Dýrð í dauðapögn því meiri en áður hafði þekkt.



ÁSGEIR TRAUSTI

## HM í handbolta á Spáni: Fer með fjóra nýliða á HM

**HANDBOLT!** Aron Kristjánsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins, fer með fjóra nýliða á HM á Spáni sem hefst á laugardaginn.

Nýliðarnir hafa ekki verið fleiri síðan á HM í Túnis 2005. Bæði mótin eiga það sameiginlegt að vera fyrsta mót eftir langa þjálfaratíð Guðmundar Guðmundssonar sem þjálfaði íslenska landsliðið frá 2001-2004 og frá 2008-2012.

„Þetta verður eldskírn fyrir þessa stráka og það eru líka margir leikmenn í stærrri hlutverkum en þeir hafa áður verið í. Við erum með kjarna af leikmönnum sem hafa mikla reynslu og svo erum við líka með annan kjarna sem er mjög reynslulítill,“ segir Aron en liðið er án fjögurra byrjunarliðsmanna frá Ólympíuleikunum. „Nú verða aðrir að taka við keflinu og sýna sig,“ segir Aron. - óó / sjá síðu 18



ARON KRISTJÁNSSON

23<sup>rd</sup> IHF MEN'S WORLD CHAMPIONSHIP  
**HANDBALL 2013** SPORT HD

**HM Í HANDBOLTA HEFST EFTIR 4 DAGA**

#HM2013

Vís Arion banki VILTOR ICELANDAIR

-fb / sjá síðu 22

## SPURNING DAGSINS



Hermann, ertu 5-0 undir í leikmannamálum?

„Ég þarf greinilega að endurskoða æfingarnar, leikmennirnir mínir virðast vera að bugast undan álaginu einn af öðrum.“

Hermann Hreiðarsson, þjálfari ÍBV í knattspyrnu, segist ekki hafa áhyggjur af því að fimm fastamenn í byrjunarliði ÍBV séu horfnir á braut.

Styttist í að suðurpólsfarinn Vilborg Arna Gissurardóttir nái lokatakmarkinu:

## Vilborg fékk sendan mat í gær

**LÍKNARMÁL** Vilborg Arna Gissurardóttir pólfari fékk sendar aukamatarbirgðir til sín í gær en maturinn sem hún hafði meðferðis var á þrotum. Matnum var varpað til hennar úr flugvél. Vilborg leggur nú til atlögu við síðustu kílómetrana. Hún er komin yfir á 88. breiddargráðu og á rétt rúma tvö hundruð kílómetra ofarna. Vilborg hefur verið á göngu síðustu 48 daga.

Erfiðar aðstæður hafa verið á pólnum síðustu daga, mikið hvasviðri og kuldi sem hafa myndað háa

skafla sem erfitt er að komast yfir.

Vilborg segir á bloggi sínu að þessar erfiðu aðstæður hafi verið mikil áskorun. Hún sé lítilliga kalin á lærum en henni aukist þróttur eftir því sem styttist í lokatakmarkið. Miðað við yfirferð Vilborgar má áætla að vika sé eftir af göngunni.

Vilborg leggur pólöguna á sig til styrktar Lífi, styrktarfélagi Kvinnadeildar Landspítalans, og hefur nú safnað um 1,5 milljón króna.



**NÁLGAST ÓÐUM** Vilborg Arna Gissurardóttir á um 220 kílómetra eftir á pólinn en hún fékk aukamatarbirgðir í gær.

Rán í Södertälje í Svíþjóð:

## Lögregla skaut einn þjófanna

**SVÍPJOÐ**, Búið er að handsama alla ræningjana sem gerðu tilraun til að ræna skartgripaverslun í Södertälje í Svíþjóð á föstudagsmorgun. Lögreglan kom á staðinn er vopnaðir ræningjarnir voru að yfirgefa verslunina. Skothríð hófst milli lögreglumanna og ræningjanna með þeim afleiðingum að einn ræningjanna liggur nú þungt haldinn á spítala. Verslunin er staðsett við fjölfarna götu. Flestir ræningjanna hafa áður komið við sögu lögreglu. -áp



**VERKI LOKIÐ** Adda lét snoða sig í Vestmannaeyjum í gær en hún var þar gestkomandi vegna þrettándagledinnar.

MYND ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Stúlka leggur sitt af mörkum til krabbameinsrannsókna:

## Lét hárið fjúka fyrir málstaðinn

**SAMFÉLAGSMÁL** „Mamma mín lést úr krabbameini árið 2011 og síðan þá hefur mig langað að gera eitthvað til að styrkja Krabbameinsfélagið,“ segir hin 14 ára gamla Adda Smáradóttir sem lét snoða sig í gær til styrktar félaginu. Adda hefur verið að safna áheitum frá því 20. desember og hefur þegar safnað 460.000 krónum.

„Þetta er mjög skrítið en verður örugglega fínt þegar það venst. Mér er miklu kaldara á höfðinu núna svo ég þarf að finna mér góða húfu,“ segir Adda. Söfnunin stendur til 20. janúar en nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðunni „Hárið af fyrir Krabbameinsfélagið“.

- trs

Jón Ásgeir og Lárus ákærðir:

## Ákæra þingfest í Aurum-máli

**DÓMSMÁL** Ákæra gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Lárusi Welding og tveimur öðrum fyrrverandi starfsmönnum Gltnis vegna Aurum-málsins verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Þeir eru ákærðir fyrir umboðssvik sem eru sögð hafa átt sér stað við sex milljarða króna lánveitingu Gltnis til félagsins FS38 til kaupa á félaginu Aurum Holding árið 2008.

Aurum-málið er annað málið sem rekið er gegn Lárusi, en hann var dæmdur í níu mánaða fangelsi, þar af sex skilorðsbundna, í Vafningsmálinu.

- þeb

Mörg mál á dagskránni:

## David Cameron vill sitja til 2020

**LONDON, AP** Forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, segir í viðtali við Sunday Telegraph að hann vilji sitja áfram til ársins 2020. Þessi tíðindi koma degi áður en hann og Nick Glegg vara-forsætisráðherra birta skýrslu um hvernig ríkisstjórn þeirra hefur vegnað síðan hún tók við árið 2010.

Samvinna flokka þeirra Camerons og Gleggs, Íhaldsflokksins og flokks frjálslyndra demókrata, hefur einkennst af árekstrum vegna ýmissa mála. Í viðtalinu segir Cameron að hann ætli að „berjast í næstu kosningum, vinna og þjóna almenningsi áfram“. Næstu kosningar í Bretlandi verða árið 2015.

-áp

# Oftast kveikt í rusli og gámum í janúar

Í kjölfar áramóta er meira um íkveikjur í rusli og ruslagámum en á öðrum tímum ársins. Tryggingafélög benda fyrirtækjum á að takmarka rusl í umhverfi sínu. Slökkviliðið hefur áhyggjur af gámaeldum sem geta skapað mikla hættu.

**LÖGREGLUMÁL** Slökkviliðið og tryggingafélög finna fyrir því að meira er um íkveikjur í rusli og ruslagámum fyrir utan fyrirtæki og stofnanir í janúar en í öðrum mánuðum ársins. Ástæðan er meðal annars sú að umsvif eru meiri á þessum árstíma, einkum í kringum útsölnar.

„Í janúar er meira um íkveikjur í rusli. Við sjáum það bæði hjá okkur og einnig í útköllum hjá slökkviliðinu, sérstaklega á stærri þéttbýlisstöðum,“ segir Gísli Níls Einarsson, sérfræðingur í fyrirtækjaförvörnum hjá VÍS og fyrrverandi slökkviliðsmaður.

Íkveikjurnar í janúar tengjast yfirleitt áramótunum. „Þá eru allir búnir að vera að skjóta upp flugeldum en yfirleitt eru það unglingar sem kveikja í rusli og gámum,“ segir Gísli Níls.

„Þess vegna er svo mikilvægt að forsvarmenn fyrirtækja hugi að því að hafa ekki mikið rusl í ytra umhverfi, annars er hættu á að í því verði kveikt,“ segir Gísli Níls og bætir við að forðast eigi að geyma rusl við húsvegi ef hægt er.

Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu, tekur í sama streng og segir slökkviliðið finna vel fyrir því að meira sé um útköll vegna elds í gámum eða rusli á þessum árstíma. „Þess vegna höfum við bent fyrirtækjum á að gera ráðstafanir,“ segir hann.

Hann nefnir Póstin sem dæmi, en þar á bæ læsa menn póstkösum yfir áramót til þess að koma í veg fyrir skemmdarverk. Birgir segir að alltaf séu líkur leiddar að því að í íkveikjum á þessum árstíma hafi fólk verið að fíka með skotelda þó erfitt sé að færa sönnur á það. Lögreglan taki við máluum eftir að slökkvistarfi lýkur. „Þetta er tímabil þar sem fólk er í tilraunastarfsemi með skotelda og eldspýtur,“ segir Birgir. „Á meðan eldurinn helst í tunnunum bjargast þetta en getur þó alltaf skapað hættu.“

birgirh@frettabladid.is



**HÆTTULEGT** Það getur skapast mikil hættu þegar eldur læsir sig í rusl upp við húsvegi. Rúður geta sprungið og það getur haft í för með sér gríðarlegt tjón.

MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

## Tjón mögulega mikið

Til þess að koma í veg fyrir að hættu skapist og tjón verði af eldi í rusli er einfaldast að lágmarka allt rusl í ytra umhverfi fyrirtækjanna, segir Gísli Níls. „Svo er mikilvægt að vera ekki að bjóða hættunni heim með því að hafa gámana svo smekkfulla að ruslið stendur upp úr þeim. Einnig er mikilvægt að láta gámana ekki standa upp við húsvegi því í eldinum myndast svo mikill hiti að rúður geta sprungið.“

Springi rúður getur orðið mikið tjón vegna reyks, elds og vatns.

„Þetta er tímabil þar sem fólk er í tilraunastarfsemi með skotelda og eldspýtur.“

Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri á Höfuðborgarsvæðinu

# BRIDS SKÓLINN

**Námskeið á vorönn ...**  
Hefðbundið námskeið fyrir byrjendur og tvö **NÝ** framhaldsnámskeið: um úrspil sagnhafa og vörnina.

**Byrjendur** hefst **21. janúar** ... átta mánudagskvöld frá 20-23  
**Úrspilið** hefst **23. janúar** ... átta miðvikudagskvöld frá 20-23  
**Vörnin** hefst **20. mars** ... fimm miðvikudagskvöld frá 20-23

- Á byrjendanámskeiði er farið yfir leikreglur og grunnsagnir.
- Úrspilnámskeiðið fjallar um áætlanagerð sagnhafa.
- Varnarnámskeiðið snýst um samskiptareglur í vörn.

**Mikið spilað og EKKERT MÁL að mæta stakur/stök.**

Nánari upplýsingar og innritun í síma **898-5427** milli 13 og 18. Ennfremur á **bridge.is** (undir „fræðsla“).

Greindust með sjaldgæfan sjúkdóm sem dró móður þeirra til dauða:

## Bræður bíða eftir lyfjameðferð

**SAMFÉLAGSMÁL** Bræðurnir Guðmundur Skúli og Samúel Halldórssynir bíða þess nú ásamt fleiri skyldmönnum sínum að fá að hefja lyfjameðferð til að stöðva framgang sjaldgæfs erfðasjúkdóms sem þeir greindust nýverið með.

Sjúkdómurinn heitir Fabry og er sjaldgæfur efnaskiptasjúkdómur sem veldur skemmdum á líffærum.

Lyfjanefnd og Sjúkratryggingar Íslands taka ákvörðun um lyfjameðferð en mál bræðranna var ekki rætt á síðasta samráðsfundi þeirra, að sögn Guðmundar. Hann skrifaði á bloggsíðu sína um málið og það að þeir hefðu ekki enn fengið að hefja lyfjameðferð þrátt fyrir að hún væri lífsnauðsynleg.

Móðir bræðranna og bróðir hennar greindust með Fabry-sjúkdóminn í haust. Í kjölfarið fengu bræðurnir og fleiri fjölskyldumeðlimir greiningu. Móðir þeirra lést í desember.

Bræðurnir hafa upplifað veikindi vegna sjúkdómsins um nokkurt skeið. Samúel var talinn vera með gigt vegna mikilla verkja. „Það er ekki hægt að lifa við þessa verkei,“ sagði hann meðal annars í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.



**BRÆÐURNIR** Skriður komst á mál bræðranna eftir að annar þeirra skrifaði um málið á bloggsíðu sína um helgina.

MYND/STÖÐ2

Nú þegar eru þrír Íslendingar í lyfjameðferð vegna sjúkdómsins, en hún kostar hátt í fjórutíu milljónir króna á ári.

„Það er aldrei spurt um kostnað þegar um líf er að ræða,“ sagði Guðbjartur Hannesson velferðaráðherra um málið á Facebook-síðu sinni í gær. - þeb

# VERTU SNJALLARI MED NOVA!



**Pú finnur Nova appið í App Store og Play Store sem Nova Iceland!**

Náðu í **Nova appið**, skráðu þig á **Android** eða **iPhone námskeið** í Nova Lágmúla og tékkaðu á **2 fyrir 1 tilboðunum** í janúar. Bara nokkrar hugmyndir um hvernig þú færð meira út úr Nova snjallsímanum þínum. Góða skemmtun!



#### Næstu námskeið í Nova Lágmúla:

<b>Android</b>	í dag	7. jan.	kl. 12 og 17
<b>iPhone</b>	þriðjudag	8. jan.	kl. 12 og 17
<b>Android</b>	miðvikudag	9. jan.	kl. 12 og 17
<b>iPhone</b>	fimmtudag	10. jan.	kl. 12 og 17
<b>Android</b>	mánudag	14. jan.	kl. 12 og 17
<b>iPhone</b>	þriðjudag	15. jan.	kl. 12 og 17
<b>Android</b>	miðvikudag	16. jan.	kl. 12 og 17
<b>iPhone</b>	fimmtudag	17. jan.	kl. 12 og 17

**Allir velkomnir!**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

**GENGIÐ**  
04.01.2013

	Bandaríkjadalur	129,33	129,95
	Sterlingspund	207,32	208,32
	Evra	168,27	169,21
	Dönsk króna	22,558	22,690
	Norsk króna	23,066	23,202
	Sænsk króna	19,723	19,839
	Japanskt jen	1,4651	1,4737
	SDR	197,20	198,38

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**  
232,1886

Strætó bs. og Hópferðabílar Akureyrar sinna nýjum samgöngumáta á Norður- og Norðausturlandi:

# Í strætó frá Egilsstöðum til Akureyrar

**SAMGÖNGUR** Strætó bs. hefur tekið upp akstur á Norður- og Norðausturlandi. Aksturinn hófst á miðvikudag og er hægt að velja um þrjár leiðir, frá Siglufirði til Akureyrar, frá Egilsstöðum til Akureyrar og frá Þórshöfn í gegnum Húsavík til Akureyrar. Þanta þarf sérstaklega ferðir til Ásbyrgis, Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar með minnst fjögurra tíma fyrirvara.

Á vef fyrirtækisins, [www.straeto.is](http://www.straeto.is), er hægt að kynna sér tíma-

áætlanir og hve mörg gjaldsvæði eru á milli staða. Þar er einnig að finna reiknivél til að reikna út verð á milli staða.

Hagkvæmast er að kaupa farið á [straeto.is](http://straeto.is) en utan höfuðborgarsvæðisins er hægt að borga með debet- eða kreditkort. Fariðar verða seldir á völdum stöðum í þéttbýliskjörnum á svæðinu.

Fargjaldið miðast við fjölda gjaldsvæða sem farið er yfir í hverri ferð. Staðgreiðsluverð er 350 krónur fyrir hvert gjaldsvæði.

Ef greitt er með fariðum þarf að nota jafn marga miða og fjöldi gjaldsvæða segir til um. Ef greitt er með fariðum þarf að nota sex fariðum og þá kostar ferðin 2.000 kr. fyrir fullorðna (750 kr. fyrir ungmenni, 330 kr. fyrir börn og 690 kr. fyrir öryrkja og aldraða).

Í upphafi verður akstri um Norður- og Norðausturland sinnt með langferðabílum frá Hópferðabílum Akureyrar og verður þráðlaust net um borð í öllum vögnum.



**ALLIR MED STRÆTÓ** Strætó bs. hefur aukið umtalsvert við þjónustu sína á síðustu mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Jafnar sig á lungnabólgu

**1 SUDUR-AFRÍKA** Fyrirverandi forseti Suður-Afríku, Nelson Mandela, er á batavegi eftir veikindi undanfarnar vikur. Mandela var lagður inn á spítala í byrjun síðasta mánaðar en hann var þá með lungnabólgu. Að sögn Jacobs Zuma, forseta Suður-Afríku, verður Mandela hjúkrað heima þar til hann nær fullum bata.

## Líkti kjöti við bleikt slím

**2 BRETLAND** Sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver hefur verið kærður fyrir að hafa vinnuna af kjötiðnaðarmanninum Bruce Smith. Sá krefst sem svarar 8,8 milljónum króna í bætur. Smith starfaði áður hjá fyrirtækinu Beef Products en missti vinnuna í niðurskurði í kjölfar þess að Jamie Oliver fór í þætti sínum hörðum orðum um notkun kjötlíms í kjötiðnaði. Meðal annars kallaði hann efnið „bleikt slím“. Smith segir yfirvöld hafa samþykkt notkun á kjötlíminu og því hafi Oliver ekki mátt tala svona illa um það.



## Fórust í snjóflóði

**3 ÍTALÍA** Tveir ítalskir skíðamenn fundust látnir eftir að snjóflóð féll í ítölsku Ölpunum í gær. Sex Rússar bíðu bana á sama stað í fyrradag þegar snjóþill þeirra hrapaði í fjallshlíð í Val di Fiemme. Skíðamennirnir voru að vinna við lögregluþjálfun þegar þeir urðu fyrir flóðinu.

## Einn látinn eftir skotárás

**4 PAKISTAN** Einn pakistanskur hermaður er látinn og annar alvarlega særður eftir að upp úr sauð á milli herja Pakistans og Indlands í Kashmir-héraði. Samkvæmt pakistönskum yfirvöldum hóf indverski herinn skothríð sem Pakistanar brugðust við en talsmaður indverska hersins segir pakistanska herinn hafa sýnt ógnandi tilburði. Indverski herinn skildi eftir vopn sín er hann hörfaði til baka. Kashmir-héraðið er í umsjón Pakistan þó að báðar þjóðir hafi viljað eigna sér það og erjur hafa staðið milli landanna í 60 ár.

# Hafna innantómum loforðum í Sýrlandi

Uppreisnarmenn í Sýrlandi hafna sáttatillögum sem Bashar Assad, forseti landsins, lagði fram í gær. Utanríkisráðherrar Breta, Þjóðverja og Tyrkja tóku í sama streng. Assad sagðist ekki ætla að segja af sér og ekki ræða sátt við hryðjuverkamenn.

**SÝRLAND, AP** Sýrlandsforsetinn Bashar Assad var harðlega gagnrýndur víða í gær eftir sjónvarpsræðu sem hann hélt í Damaskus í gær. Assad hefur ekki talað opinberlega um ástandið í landinu síðan í sumar.

Assad hélt rúmlega klukkustundar langa ræðu þar sem hann sagðist ekki ætla að segja af sér. Hann væri hins vegar reiðubúinn til viðræðna en aðeins við þá sem ekki hefðu „svikið Sýrland“. Hann sagði morðóða glæpamenn og öfgamenn standa á bak við uppreisnina gegn honum.

Assad sagðist reiðubúinn að halda sáttaráðstefnu, kosningar og láta semja nýja stjórnarskrá en krafðist þess að fyrst myndu önnur ríki hætta að styrkja uppreisnarmenn. Að því loknu myndi stjórnarherinn hætta aðgerðum og hægt væri að ráðast í hinar aðgerðirnar. Hann sagðist aldrei hafa hafnað viðræðum og pólitískri lausn. „En við hvern eigum við að tala? Við þá sem hafa öfgakennda hugmyndafræði að leiðarljósi, sem aðeins skilja tungumál hryðjuverka? Eða eigum við að tala við strengjabrúður sem Vesturlönd komu með?“, sagði hann.

Þá sagði Assad Sýrlandinga berjast við utanaðkomandi öfl sem væru hættuleg. „Þetta er stríð milli þjóðarinnar og óvina hennar, milli fólksins og morðóðu glæpamannanna“, sagði hann.

„Þetta er frábært frumkvæði en það vantar eitt grundvallaratriði, afsögn hans“, sagði Kamal



**ÁKVEÐINN** Bashar Assad hélt ræðuna fyrir framan fullan sal af stuðningsmönnum sínum í óperuhúsinu í miðborg Damaskus í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Labwani, meðlimur Bandalags sýrlenskra stjórnarandstæðinga. „Allt sem hann leggur til mun gerast sjálfkrafa, en bara eftir að hann fer frá völdum.“

Þá sögðust stjórnarandstæðingar frá upphafi hafa lagt áherslu á pólitíska lausn á ástandinu. Nú væru sextíu þúsund manns fallnir og þær fórnir væru ekki til þess gerðar að styrkja forsetann í sessi.

William Hague, utanríkis-

ráðherra Bretlands, gagnrýndi ræðu Assads einnig. Hann sagði ræðuna „ótrúlega hræsnisfulla“ og að innantóm loforð um breytingar blekktu engan. Utanríkisráðherrar Tyrklands og Þýskalands tóku í sama streng.

Yfirmaður utanríkismála hjá Evrópusambandinu, Catherine Ashton, sagði ræðuna engu breyta um þá afstöðu sambandsins að Assad ætti að víkja.

thorunn@frettabladid.is

**ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!**

Heyrðu, það er góð hugmynd :)

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • [heyrnarstodin.is](http://heyrnarstodin.is)

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

**Á morgun**  
Strekkingur sums staðar um tíma.

**Miðvikudagur**  
Fremur hægur vindur en vaxandi um kvöldið V-lands.

**Ingibjörg Karlsdóttir**  
veðurfréttamaður

Alicante 16°	Berlín 6°	Friedrichshafen 8°	Las Palmas 21°	New York 5°	París 9°
Ápöna 10°	Billund 5°	Gautaborg 4°	London 10°	Orlando 21°	San Francisco 14°
Basel 9°	Frankfurt 10°	Kaupmannahöfn 4°	Mallorca 17°	Ósló 1°	Stokkhólmur 0°

# Reebok FITNESS

## HOLTAGÖRÐUM

**VERTU TIL.**

**3.990 KR/MÁN - ENGIN BINDING!**

**FULLKOMIN ÆFINGAABSTAÐA - FRÍTT Í ALLA HÓPTÍMA**

**NETBÓKUN OG ÞÚ ÁTT ÞITT PLÁSS - ALLIR VINSÆLUSTU HÓPTÍMARNIR**

**ZUMBA-HOTYOGA-BUTTLIFT-BODY PUMP-HJÓLATÍMAR OG MARGIR FLEIRI**

ALLAR UPPLÝSINGAR Á NETINU, REEBOKFITNESS.IS - RFC.IS - M.RFC.IS

Ath. Meðlimagjald er greitt í upphafi áskriftar.

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða frægi rappari klæddist bol með ljósmynd áhugaljósmyndarans Katrínar Bragadóttur?
2. Hver var áfangastaður farþegans sem gekk af göflunum í flugvél Icelandair á dögunum?
3. Með hvaða íslensku félögum spilaði handboltamaðurinn ástsæli Guðjón Valur Sigurðsson áður en hann hélt út í atvinnumennsku?

1. Kanye West 2. New York 3. Gróttu og KA

Flugvélum í rekstri fjölgað úr sextán í átján næsta sumar:

## Icelandair kaupir tvær flugvélar

# 15%

Icelandair tilkynnti um það snemma í haust að auka ætti sætaframboð félagsins um 15 prósent.

að kaupa eða leigja nýjar flugvélar og þetta varð niðurstaðan," segir Bogi Nils Bogason, fjármálastjóri Icelandair Group.

Icelandair kaupir vélarnar

notaðar frá American Airlines en Boeing hætti framleiðslu á 757-200 flugvélum árið 2004. Vélarnar tvær eru nú á leið í venjubundið innleiðingarferli sem felst meðal annars í því að skipta um sæti í þeim og setja upp skemmtikerfi. Kaupin á vélunum tveimur koma í kjölfar þess að Icelandair gekk í desember frá kaupum á tólf nýjum 737 MAX8 flugvélum frá Boeing sem stefnt er að því að bætist við flota félagsins árið 2018. Þær vélar eru minni og sparneytnari. - mjl

## Fundu mikið af neysluvatni: Kalt í stað heits

**NÁTTÚRAN** Boranir vegna leitar að heitu vatni í Goðalandi í Fljótshlíð leiddu á dögunum af sér fund á gríðarlegu magni af köldu neysluvatni.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra, segir í spjalli á vefsíðu Sunnlenska að sveitarfélagið komi vafalaust til með að nýta sér þetta kalda vatn. Að því er segir á síðunni fannst vatnið á 120 metra dýpi en ætlunin var að bora niður um 200 metra. Það gæti nú lengst í 250 metra verði hitabreytinga vart. - trs



**PÚSUNDIR HEIMILISLAUSAR** Miklir skógareldar í Tasmaníu hafa eyðilaggt heilu hverfin. NORDICPHOTOS/AFP

Hundrað manns saknað:

## Eldar geisa í Tasmaníu

**EYJAÁLFA** Um eitt hundrað manns er saknað á eyjunni Tasmaníu í Ástralíu eftir að miklir skógareldar hafa staðið yfir síðustu daga. Áströlsk yfirvöld leita nú í nokkrum bæjum á eyjunni sem hafa gjöreýðilagst í eldunum.

Þrjú þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín en forsætisráðherra Ástralíu, Julia Gillard, sagði um helgina að yfirvöld myndu koma öllum sem misst hafa heimili sín til bjargar. Skógareldar eru algengir í Ástralíu á þessum tíma árs. Nú er hitastigið um 42 gráður sem er talið orsaka eldana. - áþ

## FASTEIGNAMARKAÐUR

### 397 samningar í desember

Pinglýst var 397 kaupsamningum um fasteignir á höfuðborgarsvæðinu í desember, að því er fram kemur á vef Þjóðskrár. Heildarvelta nam 13,4 milljörðum króna og meðalupphæð á samning var 33,8 milljónir króna. Miðað við desember 2011 fjölgaði kaupsamningum um 6,4 prósent.

# Sextán prósent brottfluttra lækna snúa ekki aftur heim

Ný könnun sýnir að á næstu 10 árum ætla bara 47 íslenskir lækna að snúa aftur til Íslands frá útlöndum. 52 prósent hafa ekki gert upp hug sinn. Þeir vilja bætt kjör og starfsaðstæður. Fjölskyldan dregur lækna heim.

**HEILBRIGÐISMÁL** Könnun á meðal íslenskra lækna sem starfa í útlöndum leiðir í ljós að rúmur helmingur þeirra hefur ekki tekið ákvörðun um hvort eða hvenær hann snýr aftur heim til Íslands. Sextán prósent aðspurðra segjast hafa tekið ákvörðun um að snúa ekki aftur heim.



DAVÍÐ B. ÞÓRISSON

„Könnunin var gerð í gegnum Facebook-hóp íslenskra lækna sem í dag telur 729 manns," segir Davíð B. Þórisson, læknir í Lundi í Svíþjóð. „Fjöldi íslenskra lækna í dag er um 1.500 en erftit er að segja nákvæmlega þar sem sumir hafa klárað læknanámið erlendis. Það má gera ráð fyrir að í Facebook-hópnum séu yngri lækna og því stór hluti þeirra sem eru nú erlendis í sérnámi eða hafa nýlega klárað."

Könnunina segist Davíð hafa sett af stað til að fá einhverja tilfinningu fyrir því hversu margir hygðust flytja til baka til Íslands og þá af hverju eða af hverju ekki. „Á átta dögum svöruðu 147 manns sem verður að teljast góð svörun," segir hann og telur að gera megi ráð fyrir að meirihluti lækna í Facebook-hópnum sem bússettir eru erlendis hafi tekið þátt.

Læknarnir sem þátt tóku eru


langflestir starfandi í Svíþjóð, 96 eða 65 prósent heildarinnar. Tuttugu starfa í Bandaríkjunum, þrettán í Noregi, níu í Danmörku, fjórir í Bretlandi og fimm á öðrum stöðum víðs vegar um heiminn. Langflestir, eða 87 prósent, luku læknanámi sínu á Íslandi, hinir 19 erlendis. Þá eru næstum níu af hverjum tíu í hópnum fjölskyldufólk.

„Niðurstöðurnar endurspeglar það sem við höfum lengi haft á tilfinningunni, það er að óhugnanlega fáir eru á leið til baka á næstu árum miðað við þörfina," segir hann. Þannig muni þeir 16 lækna sem ætla að snúa aftur heim á næstu tveimur árum og 47 á næstu 10 árum engan veginn duga til að standa undir endurnýjun vegna þeirra sem hætta á sama tíma. „Þetta eru færri en ég hefði giskað á sjálfur og vísar á enn meiri læknaáhrif á næstu árum en er í dag. Á sama tíma lifir þjóðin lengur og lifir af sjúkdóma með flóknum aðgerðum eða lyfjum." Hann segir því stefna í minna framboð lækna og aukna eftirspurn sjúklinga.


Þá segir Davíð að komið hafi sér á óvart hversu margir, eða 52 prósent, séu óákeðnir. Það bendi til þess að allfesta langi aftur til Íslands á endanum, þar sem það sé jú heimalandið.

Í svörum lækna í könnun Davíðs kemur enda fram að fjölskylda og vinir heima á Íslandi séu helsta

## STEFNA Á FLUTNING TIL ÍSLANDS?



## BÚSETA ÍSLENSKRA LÆKNA ERLENDIS



ástæða þess að lækna vilji flytja aftur heim. Um leið letji aðbúnaður á Landspítala háskólasjúkrahúsi, laun sem ekki eru samkeppnishæf við það sem gerist í útlöndum, mikið vinnuálag á Landspítalanum og almennt efnahagsástand á Íslandi. Þá nefna sumir að lánakjör þurfi að lagast á Íslandi og verðtrygging að hverfa til að hægt sé með góðu móti að koma þaki yfir höfuðið við flutning aftur heim, og eignast það á endanum. Mannsæmandi laun fyrir dagvinnu eru einnig krafa sem margir lækna gera áður en þeir vilja flytja

aftur heim, hafandi kynnst slíku í störfum sínum erlendis.

Sérfræðingur í Svíþjóð, sem ætlar að flytja heim innan tveggja ára, gefur sem ástæðu að elsta barnið nálgist táningsaldurinn, eða „point of no return". Annar sérfræðingur í Svíþjóð sem ætlar að flytja heim innan árs segist ætla að gera það þar sem maki hans fái ekki vinnu úti, annars hefðu þau verið áfram. Sá myndi vilja sjá mánaðarlaun lækna hækka þannig að þeir þyrftu ekki að vinna vaktavinnu til að fá „mannsæmandi laun". olikr@frettabladid.is

Lá hjálparvana í tvær klukkustundir áður en hún komst undir læknishendur:

## Nauðgararnir leiddir fyrir rétt

**INDLAND, AP** Mennirnir sem sakaðir eru um að nauðga og myrða 23 ára gamla stúlku á hrottafenginn hátt í strætisvagni á Indlandi verða leiddir fyrir dómara í dag. Eftir árásina köstuðu þeir henni og vini hennar á götuna.

Lögreglan hefur kært fimm þeirra fyrir morð, nauðgun og aðra grimma glæpi gegn stúlkunni og vini hennar. Fyrir brotin gætu mennirnir átt dauðadóma yfir höfðum sér. Sjötti hrottinn er aðeins sautján ára gamall og verður leiddur fyrir unglingsdómstól. Þar getur hann mest verið dæmdur til þriggja ára betrunarvistar.

Saksóknarinn Rajiv Mohan sagði við fjölmiðla að dánarorsök stúlkunnar hefði verið blóðeitrun og bilun margra líffæra. Einnig hefði það verið sannað með DNA-rannsóknum að blóðið sem fannst á fötum allra ákærðu væri úr stúlkunni.

Bróðir stúlkunnar segir að rekja megi dauða hennar til þess hversu langan tíma það tók að koma henni undir læknishendur.

„Hún sagði mér að eftir árásina hefði hún árangurslaust beðið vegfarendur um hjálp. Það var ekki fyrr en umferðareftirlitið gerði lögreglunni viðvart að hún fékk hjálp," sagði bróðirinn við indverska fjölmiðla. „Hún lá hjálparvana í tvær klukkustundir og hafði þá misst mikið blóð."

Stúlkun lést fyrir rúmri viku en stjórnvöld hafa nú brugðist við stöðugum mótmælum á Indlandi í kjölfar árásarinnar þann 16. desember.



**ÖRUGGARA SAMFÉLAG** Ósk mótmælenda er fyrir því að gera indverskt samfélag öruggara. Stúlkum hefur meðal annars verið kennd sjálfsvartæknir á götum stórborga Indlands. NORDICPHOTOS/AFP

# KOMIÐ OG DANSIÐ!

## Námskeið vor 13 LÆRÐU LÉTTA DANSSVEIFLU Á TVEIM DÖGUM!

- Svingnámskeið 4 þriðjudagskvöld:**  
Hefst 15. janúar og 12. feb.
- Verðum ballfær - Blandaðir dansar**  
Hvert námskeið er 4 sunnud.kv.: kl. 20.30 - 22.30  
Námskeiðin hefjast 13. jan. og 10. feb. og 10. mars
- Glidene gå - Blues boogie og Jump boogie**  
8 kvöld námskeið mánudaga kl. 20.30 - 22.30  
Hefst mánud. 14. janúar
- Línudansar á miðvikudagskvöldum**  
10 kvöld námskeið hefist 16. janúar
- Gamla góða títtíð**  
12. og 13. janúar kl. 13.30 - 15.30
- Gömludansarkvöld með IOGT**  
1. feb. og 15. mars

**GJALDFRJÁLST kynningarkvöld**  
þriðjudaginn 8. janúar kl. 20.00  
sving, línudansar o.fl.

SÍMI 557 7700

DANSHÖLLIN

Drafnarfelli 2 111 Reykjavík  
kod@komidogdansid.is  
www.komidogdansid.is

# Valitor veitir 8 styrki



*Samfélagssjóður Valitor veitti nýverið átta styrki en hlutverk sjóðsins er að styðja margvísleg menningar-, mannúðar- og samfélagsmál.*

Að þessu sinni hlutu eftirtaldir aðilar styrk úr sjóðnum:

**BLÁTT ÁFRAM** // til að halda námskeiðið „Verndarar barna fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla“.

**ÁRNI F. GUNNARSSON** // til að stunda framhaldsnám í tónsmíðum við Conservatorio di Musica „Giuseppe Verdi“ di Milano.

**HILDUR S. MAGNÚSDÓTTIR** // til að stunda BA nám í nútímaleiklist (Collaborative and Devised Theater) við Central School of Speech and Drama í London.

**KRISTÍN RÓS KRISTJÁNSDÓTTIR** // til að stunda mastersnám í leiklist (Classical and Contemporary Text) við The Royal Conservatoire of Scotland.

**MATTHILDUR ANNA GÍSLADÓTTIR** // til að stunda mastersnám í óperupíanóleik við The Royal Conservatoire of Scotland.

**SIGURÐUR MÁR ATLASON og SARA RÓS JAKOBSDÓTTIR** // til að stunda æfingar og keppni í samkvæmisdönsum.

**HJÁLPRÆÐISHERINN** // hlaut styrk í byrjun desember til að bjóða upp á veglegar máltíðir fyrir skjólstaðinga sína yfir jólahátíðina í ár og til reksturs.

**GEÐHJÁLP** // hlaut styrk í byrjun desember til að bjóða upp á jólamáltíð í ár fyrir skjólstaðinga sína og til reksturs.

Samfélagssjóður Valitor er 20 ára og á þessum tíma hafa um 130 einstaklingar, félagasamtök og stofnanir fengið styrki, samtals 180 milljónir. Umsóknarfrestur er til 1. apríl og 1. október ár hvert.

Á myndina vantar Árna F. og fulltrúa frá Geðhjálp.

## VALITOR

Valitor | 525 2000 | [valitor@valitor.is](mailto:valitor@valitor.is) | [www.valitor.is](http://www.valitor.is)

# FRÁBÆRT ÚRVAL

## af 4x4 bílum

Allt að 80% lánamöguleikar

Mikið úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á frábæru verði!



Tökum notaðan uppi notaðan! Erum í samningsstuði!

HYUNDAI SANTA FE II  
Nýskr. 012/11, ekinn 20 þús km.  
dísil, sjálfskiptur  
Rnr.120113

Frábær kaup kr.  
**5.890 þús.**



NISSAN X-TRAIL LE  
Nýskr. 07/09, ekinn 53 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 3.980 þús.

Rnr.151168.



TOYOTA LAND CRUISER 120VX  
Nýskr. 03/08, ekinn 98 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 5.890 þús.

Rnr.130345.



SUBARU FORESTER LUX  
Nýskr. 07/08, ekinn 60 þús km.  
bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 3.690 þús.

Rnr.280173.



HYUNDAI TUCSON  
Nýskr. 02/08, ekinn 67 þús km.  
bensín, beinskíptur.

VERÐ kr. 2.290 þús.

Rnr.190637.



SUZUKI SWIFT 4x4  
Nýskr. 05/11, ekinn 40 þús km.  
bensín, beinskíptur.

TILBOÐ kr. 1.890 þús.

Rnr.280302.



SUBARU LEGACY 4x4  
Nýskr. 01/08, ekinn 88 þús km.  
bensín, sjálfskíptur.

VERÐ kr. 2.680 þús.

Rnr.280201.

# bilaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík

Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

## Úrskurðarnefnd segir umboðsmann skuldara hafa farið gegn hlutverki sínu: Þarf að afhenda fundargerðir

**NEYTENDUR** Úrskurðarnefnd upplýsingamála hefur úrskurðað um að Umboðsmanni skuldara beri að afhenda Hagsmunasamtökum heimilanna fundargerðir og önnur gögn samráðshóps fjármálafyrirtækjanna og Dróma hf. Gögnin tengjast öll gengislanadómi Hæstaréttar síðan í fyrra. Umboðsmaður hafi farið á svig við upplýsingalög með því að synja afhendingu gagnanna. Nefndin telur umboðsmann skuldara hafa farið gegn lög-

boðnu hlutverki sínu þegar hann neitað um að afhenda gögnin.

Ástæðan fyrir því að Umboðsmaður skuldara neitaði að afhenda gögnin var að málin hefðu ekki átt heima hjá embættinu. Þá hefði fjármálafyrirtækjunum, sem eiga aðild að hópnum, ekki þótt ástæða til að láta gögnin af hendi. Gögnin hefðu einnig að geyma persónuupplýsingar lántakenda og féllu þannig undir þagnarskyldu. Úrskurðarnefndin gagnrýndi

→ Nefndin telur umboðsmann skuldara hafa farið gegn lögboðnu hlutverki sínu þegar hann neitaði um að afhenda gögnin.

einnig ákvörðunarferlið sem virtist hafa verið litað af geðþótta fjármálafyrirtækjanna. Samræmdist það ekki tilgangi samráðshópsins um að gæta hagsmuna neytenda. - bph

Fjórir fimmtu hlutar farþega hafa Ísland sem byrjunarreit eða áfangastað:

## Aldrei fleiri farið um Leifsstöð

**SAMGÖNGUR** Fjöldi farþega um Leifsstöð hefur aldrei verið jafn mikill og árið 2012. Alls fóru 2.380.214 farþegar um flugvöllinn á árinu en þeim fjölgaði um 12,7 prósent frá árinu 2011.

Ríflega fjórir fimmtu hlutar farþega sem koma við Leifs-

stöð eru á leið til og frá Íslandi með Ísland sem byrjunarreit eða áfangastað. Tæplega fimmtungur hins vegar millilendir einungis á Íslandi.

Fram kemur í tilkynningu frá Isavia, sem rekur Leifsstöð, að útlit sé fyrir enn frekari fjölgun

**2,38** milljónir farþega fóru um Leifsstöð árið 2012.

farþega á næstunni. Þannig sé búist við nærri 10 prósent fjölgun á þessu ári. - mþl

### Flugstöðin stækkar

Vegna fjölgunar farþega hefur Isavia markvisst unnið að því að auka afköst flugstöðvarinnar, meðal annars með fjölgun sjálfsmenntunarsvæða, breytingum á afgreiðslu- og biðsvæðum og með skjótari afgreiðslu. Á þessu ári er meðal annars stefnt að því að taka í notkun ný biðsvæði fyrir farþega, fjölga brottfararhlíðum og stækka svæði fyrir verslunar- og veitingaþjónustu við brottfararhlíð í suðurbyggingu. Alls mun heildarfjárfesting í endurbótum á flugstöðinni í haust og vetur nema tæplega tveimur milljörðum króna.



**LEIFSTÖÐ** Verið er að gera umtalsverðar endurbætur á Leifsstöð til að auka afkastagetu flugvallarins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Ráðstefna BUGL 11. janúar 2013

## Réttast væri að flengja ræfilinn

Viðhorf til barna – með geðrænan vanda

Föstudag 11. janúar kl. 8:00 - 16:00. Laugardalshöll - 2. hæð (nýja húsinu)

	Fundarstjórn: Erlendur Egilsson sálfræðingur og Ósk Sigurðardóttir iðjubjálfi	
08:00 - 08:30	Skráning, afhending ráðstefnugagna og morgunmatur	
08:30 - 08:40	<b>Ráðstefna sett</b> Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir yfirlæknir á göngudeild BUGL	
08:40 - 09:10	<b>Fjölmíðla- og netnotkun íslenskra ungmenna og birtingarmynd barna með geðræn vandamál í fjölmíðlum</b> Þorbjörn Broddason prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands	
09:10 - 10:10	<b>The Meaning of Disorder and Impairment from a Young Person's Perspective</b> Professor Peter Hill Child & Adolescent Psychiatrist	
10:10 - 10:25	Kaffihlé	
	<b>Salur A</b>	<b>Salur B</b>
10:30 - 11:00	<b>Viðhorf til barna með sérþarfir</b> Hrefna Haraldsdóttir foreldraráðgjafi	<b>Foreldrastuðningshópur á BUGL</b> Unnur Heba Steingrimsdóttir geðhjúkrunarfræðingur
11:00 - 11:30	<b>Fjölskyldunálgun hjá Geðheilsu - eftirfylgd</b> Auður Axelsdóttir forstöðumaður/ iðjubjálfi og Haukur Hauksson BA sálfræði	<b>Óhreinu börnin hennar Evu</b> Ásdís Yr Arnardóttir grunn- og framhaldsskólakennari
11:30 - 12:00	<b>Vettvangsteymi BUGL</b> Henný Hraunfjörð hjúkrunarfræðingur og lýðheilsufræðingur MPH	<b>ADHD og farsæl skólaganga</b> Ingibjörg Karlsdóttir félagsráðgjafi og lýðheilsufræðingur MPH
12:00 - 13:00	Hádegisverðarhlaðborð	
13:00 - 13:30	<b>Kynáttunarvandi barna og unglinga – hvað segja fræðin?</b> Erlendur Egilsson sálfræðingur	<b>Offita barna og unglinga – einhver ráð?</b> Ragnar Bjarnason yfirlæknir barnalækninga / Kvænna- og barnasvið Landspítala
13:30 - 14:00	<b>Kynáttunarvandi barna og unglinga</b> Sigríður Birna Valsdóttir leiklistar- og fjölskyldu-meðferðarfræðingur / ráðgjafi í Samtökunum '78	<b>Meðferðarsamræður við foreldra unglinga með átröskun í hóp og einstaklingslega</b> Margrét Gísladóttir sérfræðingur í geð- og fjölskylduhjúkrun
14:00 - 14:30	<b>Indiánar og geðheilbrigðisþjónusta</b> Jón Gnarr borgarstjóri Reykjavíkur	
14:30 - 14:45	Kaffihlé	
14:45 - 15:45	<b>ADHD, Adolescence and Adolescents</b> Professor Peter Hill Child & Adolescent Psychiatrist	
15:45 - 16:00	<b>Ráðstefnulok</b> Drengjakór Reykjavíkur - stjórnandi Friðrik S. Kristinsson	

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir 8. janúar 2013.

Verð: kr. 9.500

Morgunmatur, kaffiveitingar og hádegisverðarhlaðborð innifalið.

Skráning fer fram á vef Landspítalans: [www.lsh.is/?PageID=15361](http://www.lsh.is/?PageID=15361)





# Baðinnréttingar

# ÚTSALA

## 40% - 70%

afsláttur  
af öllum baðinnréttingum

Komið og gerið frábær kaup!

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)

\* Ármúli 31 \* 108 Reykjavík \* Sími: 588-7332 \*

\* Ópið virka daga frá kl. 09-18 \* laugardaga kl. 11 - 15 \*



Ríkisstjórnin eyðileggur fyrir sjálfri sér:

## Farið á hnefanum

**S**ú ríkisstjórn sem bráðlega fer að ljúka setu sinni á valdastól rembist nú við að skapa sér fyrirferðarmikinn sess í sögunni. Ljóst er að þjóðin hefur engan áhuga á áframhaldandi setu hennar og virðist það vekja furðu marga innan vébanda flokkanna. Hér hefur enda margt gott verið gert við mjög erfiðar aðstæður.



Þórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is

En ástæðan blasir þó við. Ríkisstjórnin ætlaði að nýta tiltektaumboð sitt til að breyta allri samfélagsgerðinni á einu kjörtímabili. Lagt var upp með alltof víðtækan stjórnarsáttmála þegar verkefnið hefðu átt að vera fá, stór og afmörkuð. Í stað þess að einbeita sér einvörðungu

að stórtækri tiltekt til að brúa gríðarlegt fjárlagagat, atvinnu-málum, aukinni fjárfestingu og efnahagslegum stöðugleika var ákveðið að setja erfiðustu pólitísku þrætumál sem til eru samhliða á dagskrá. Og keyra þau síðan í gegn í gríðarlegu ósætti.

Í fyrsta lagi var ákveðið að sækja um aðild að Evrópusambandinu þrátt fyrir að annar stjórnarflokkurinn sé mótfallinn aðild. Það var galin hugmynd. Ekki vegna þess að innganga í sambandið sé ekki vænlegur kostur fyrir Ísland, heldur vegna þess að umsókn án meirihlutastuðnings mun líkast til eyðileggja möguleikann á því að fara inn í sambandið um ókomna tíð. Pólitísk andstaða við inngöngu virðist enda yfirgnæfandi, stuðningur almennings fer þverrandi og andstæðingar aðildar hafa getað nýtt stöður sínar á ráðherrastólum til að eyðileggja fyrir ferlinu innan frá. Líkur á því að íslensk þjóð fái að kjósa um aðild í kosningum sem byggja á staðreyndum fara því þverrandi.

Annað mál sem er óafgreitt er rammaáætlun um orkunýtingu. Það er frábær hugmynd að mynda tiltölulega víðtæka þverpólitíska sátt um hvaða svæði eigi að nýta til orkuöflunar og hvaða svæði eigi að láta vera. En sátt er lyklatríði í smíði slíkrar áætlunar. Þegar farið var að krukka í fyrirliggjandi áætlun varð ljóst að þessi sátt var ekki lengur til staðar. Nú virðist ekki einu sinni meirihluti innan stjórnarmeirihlutans til að klára málið. En samt á að keyra það í gegn.

Að lokum ber að nefna breytingar á stjórnarskrá. Slíkar breytingar eru nauðsynlegar. Það er réttlætismál að jafna vægi atkvæða og mikilvægt að breyta stjórnarskipan með því að aðskilja betur vald og festa ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Þá hafa síðustu tæpu tveir áratugir sýnt okkur að valdsvið forseta má ekki vera háð túlkunum þess sem situr á þeim stóli hverju sinni.

Það ferli sem ráðist var í til að breyta stjórnarskránni hefur hins vegar mistekist. Kosningar til stjórnlagaráðs voru of flókna og skiluðu einsleitum hópi til að móta hornstein samfélagsgerðar okkar. Þegar Hæstiréttur dæmdi framkvæmd kosninganna ólögmæta hefði átt að byrja upp á nýtt í stað þess að skipa sama fólk í umdeilanlega nefnd. Þrátt fyrir að margt mjög gott sé í stjórnarskráartillögum hennar hafa margir sérfræðingar bent á að þetta sé ófullkomið plagg. Þess utan er bullandi ágreiningur um málið. En ríkisstjórnin ætlar sér að keyra nýja stjórnarskrá í gegn á hnefanum með tæpum meirihluta. Það er líkast til einsdæmi í heimssögunni að ætla sér slíkt.

Með framgöngu sinni í ofangreindum málum hefur ríkisstjórnin líkast til eyðilagt möguleika okkar á því að landa þeim. Því miður gæti dómur sögunnar orðið sá að litid yrði fram hjá því sem hún gerði vel og þess í stað einblínt á þann óleik.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Úr álögum

Vinstrihreyfingin grænt framboð mælist nú með minna fylgi en nokkru sinni í áratug. Það hrynur milli kannana og er nú innan við helmingur kjörfylgis ársins 2009. Jón Bjarnason er með skýringuna á á reidum höndum: „Kjösendur VG hafa fengið gjórsamlega upp í kok af þrákelkni þeirra forystumanna VG sem hafa keyrt þessa ESB-umsókn áfram,“ bloggar hann um málið. „Til þess að bjarga VG frá hruni og endurvekja traust á baráttu fyrir grunnildum flokksins verður formaðurinn, og aðrir forystumenn sem gengið hafa í björg ESB, að brjótast undan því valdi og losa sig úr þeim álögum þegar í stað.“ Þetta er skörulega orðað.

#### Rökrétt?

Við fyrstu sýn virðist þetta senni-legasta tilgáta hjá ráðherranum fyrirverandi. Á henni er þó hængur eða tveir. Í fyrsta lagi sýna kannanir trekk í trekk að mun fleiri stuðningsmenn Vinstri grænna vilja ljúka aðildarviðræðunum við Evrópusambandið en hætta þeim í miðju kafi. Og svo er það hitt að allt fylgi sem hrekkur af Vinstri grænum (og reyndar Samfylkingunni líka) virðist renna rakleitt

til Bjartrar framtíðar, sem er Evrópuvinneitt framboð. Er kenning Jóns ekki þar með hrunin?



#### Það sem leynt skal fara

Forsætisráðherra vill ekki ræða hvað fór fram á ríkisráðsfundum á gamlársgöldum – telur sig bundinn trúnaði um það. Um þetta er deilt. Lögspekingar eru alls ekki vissir um að þetta skuli um það sem gerist í ríkisráði nema það varði eitthvað sem á annað borð skuli ótvírætt fara leynt. Nú liggur fyrir að þar ræddu menn um stjórnarskráfrumvarpið – forsetinn er búinn að rjúfa þennan meinta trúnað og er ekki að sjá að það hafi haft miklar afleiðingar fyrir hann. Umræður um stjórnarskrármálið eiga alls ekki að fara leynt og þess vegna ætti fólk kannski bara að tala og gá hvað gerist. Nema það sé þeirrar skoðunar að almenningur varði ekkert um það hvað ráðherrar og forsæti ræða á fundum sínum. stigur@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Issn 1670-3871



## BÓKABÚÐ FORLAGSINS

Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA

kl. 10–18

OG LAUGARDAGA

kl. 10–14



FORLAGIÐ

Kaffi á könnunni og næg bílastæði

## Rétt skal vera rétt

### LANDSSÖFNUN



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingkona Samfylkingar

Einar Karl Haraldsson gerir mig að umtalsefni í grein sem birtist í Fréttablaðinu sl. laugardag. Honum mislíkar að mér finnst skjóta skökku við að þjóðkirkjan gefi út yfirlýsingar um að hún hyggist fara í söfnun fyrir tækjakaupum á Landspítalanum nokkrum dögum eftir að kirkjan hafði beitt sér af mikilli hörku fyrir auknum fjárveitingum til sjálfrar sín undir lok fjárlagagerðarinnar í desember sl. Ég fagnaði því um leið að kirkjan hygðist bæta sér í hóp þeirra fjölmörgu félagsamtaka sem leggja heilbrigðisstofnunum lið með söfnun fyrir mikilvægum tækjakaupum.

Framlög frjálsra félagasamtaka til tækjakaupa hafa, þótt hljótt hafi farið, skipt sköpum fyrir tækjakost heilbrigðiskerfisins. Alþingi hefur samþykkt 900 m.kr. fjárveitingu til tækjakaupa á Landspítalanum á næsta ári og velferðarráðherra hefur látið vinna áætlun um reglubundnar fjárveitingar til tækjakaupa í heilbrigðiskerfinu. Hér eftir sem hingað til verður þó mikil þörf fyrir velvild frjálsra félagasamtaka.

Einari Karli er að sjálfsögðu frjálst að lýsa viðhorfum sínum. Mér líkar þó illa að hann blekki lesendur til að gera mig

→ Einari Karli er að sjálfsögðu frjálst að lýsa viðhorfum sínum. Mér líkar þó illa að hann blekki lesendur til að gera mig tortryggilega.

tortryggilega. Kannski hefur hann ekki ætlað sér að blekkja neinn en hann hefur a.m.k. ekki kynnt sér staðreyndir. Hann segir í grein sinni: „Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hefur verið áhrifamanneskja í fjárlaganefnd á þessu kjörtímabili og átt sinn þátt í ákvörðunum um að hlunnfara þjóðkirkjuna árum saman.“

Hið rétta er að ég sat í rúmlega eitt ár í fjárlaganefnd og var formaður hennar frá 1. október 2011 til haustsins 2012. Þegar ég var formaður fyrir tækjakost nefndarinnar til auknar fjárveitingar til þjóðkirkjunnar. Við hækkuðum sóknargjöld til þjóðkirkjunnar um 61,2 m.kr., fjárveitingar til kirkjumálasjóðs um 8,3 m.kr. og jöfnunarsjóðs sókna um 11,5 m.kr. Fjárveiting til þjóðkirkjunnar var því hækkuð um 81 milljón króna í fjárlagagerðinni þann tíma sem ég sat í og stýrði fjárlaganefnd. Þá studdi ég 45 m.kr. viðbótarfjárveitingu til kirkjunnar í fjárlögum 2013. Rétt skal vera rétt!

# Sakarafskriftir

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Kristín Þorsteinsdóttir, fyrrverandi fréttamaður, skrifaði grein í Fréttablaðið um daginn þar sem hún segir frá kynnum sínum af Evu Joly og viðrar í framhaldi af því þá skoðun að grundvallarmunur sé á þeim málum sem sérstakur saksóknari rannsakar hér á landi og þeim málum sem Eva rannsakaði í Frakklandi. Þar voru glæpamenn og maffíosar að verki. Og hér? Tja, eiginlega allir („embættismenn, stjórn-málamenn, blaðamenn, eftirlitsmenn, lífeyrissjóðir, litlir fjárfestar og stórir fjárfestar“).

## Fúsk annarra

Kristín lætur á sér skilja að það fólk sem hér hafi verið valið til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara, nánast af handahófi, hafi upp til hópa verið vel menntuð en afvegaleidd ungmenni sem hafi gripið til örþrifaráða við að bjarga verðmætum í ástandi sem skapaðist af „fúski“ einhverra ótilgreindra „annarra“. Kristín minnir á mógæsinguna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum á sínum tíma þegar fjölmiðlar heimtuðu mannbót og fólk fékk sín afvegaleidd ungmenni, með hjálp sérfræðings frá Evrópu, og hún nefnir í sömu andrá Evu Joly og hinn þýska Karl Schütz.

Skoðanir Kristínar eru á skjön við ríkjandi hugmyndir um ástæður hrunsins og nauðsynlegar aðgerðir til að framfylgja lögum og rétti og skapa einhvers konar hugmynd um sæmd í íslensku viðskiptalífi þar sem orðheldni, ráðdeildarsemi og skilvísni þykja dyggðir fremur en sviksemi, óráðsía og klæskapur. Það vitnar um hugrekki hjá Kristínu. Það er eitt einkenni á heilbrigðu samfélagi að hægt sé að viðra umdeild sjónarmið án þess að eiga á hættu að fá yfir sig gusur af því tagi sem „virkir í athugasemdum“ senda frá sér í þartilgerðum orðabúllum þegar vænsta fólk umhverfist skyndilega eins og virkir alkóhólistar í bullandi neyslu, nema hér nær hömluleysið til orðbragðs; það er nefnilega hægt að vera ofæta á orð líka og stunda orðasukk jafnt sem annað sukk.

Það er mikilvægt að við tökumst á um ólík sjónarmið. En þar með er ekki endilega sagt að sérstakur saksóknari eigi bara að hætta þessu og veita sakar-afskriftir á línuna, eins og skilningsríkur skilaneftarfursti.

## Fráleitir samanburður

Kristín veitir sök á línuna; leitast við að gera sökina svo almenna að hún þurrkast eiginlega út. Vorum við ekki öll með í þessu? Reyndar ekki. En vert að muna að hér var um árabíl hægri stjórn sem trúði á undanbragðalausán óskekulleika markaðarins. Þegar við búum til óðakapitalisma fáum við yfir

okkur óða kapitalista. Og eins og Pálmi í Fons sagði í viðtali í DV: „Við vorum eins og sjómenn í Smugunni...“

En þeir fyrrum eigendur banka og stórfyrirtækja sem til rannsóknar eru nú voru hvað sem því líður ekki afvegaleidd ungmenni af því tagi sem Kristín Þorsteinsdóttir rifjar upp, með óbragð í munni. Sævar Ciesielski fékk aldrei neitt afskrifað á sinni erfiðu ævi heldur allt margfallega í hausinn aftur. Tryggvi Rúnar Leifsson kom engum fjármunum undan til aflandseyja og lifði ekki í vellystingum praktuglega meðan hann beið rannsóknar heldur mátti dúsa í eilífu gæsluvarðhaldi. Erla Bolladóttir gat ekki tafið mál árum saman með fulltingi færustu lögmanna með milljón á tímenn – barn var tekið af henni. Þetta voru smælingjar sem voru látnir bera syndir samfélagsins á sínum mjóu herðum og það er óþóðlegt að tala í sömu andrá um þungbært hlutskipti þeirra og svo aftur rannsóknir sérstaks saksóknara á fjárdrætti hástéttarmanna og misnotkun á eignarhaldi á heilu bönkunum. Þessir krakkar voru sakaðir um glæp sem aldrei sást framinn, lík fundust ekki, morðvopn, tengsl við þá horfðu, ástæða; ekkert. Landsbankinn og Glitnir, Kaupþing, Milestone, Gift, Sjóvá, Bakkavör, Fons, Samskip, Baugur, World Class, Pelsinn, FL-Gro-up ... allt eru þetta raunveruleg fyrirtæki þar sem raunverulegir gerningar áttu sér stað – og gervifyrirtækin voru meira að segja líka til.

Málin sem til rannsóknar eru hjá sérstökum saksóknara kunna að vera vakin af „oflæti“ íslensku þjóðarinnar en þau snúast ekki um það heldur meint lögbrot. Málin snúast ekki um blóðþorsta almennings eða fjölmiðla, væntanlegt „fúsk“ sérstaks saksóknara eða skapferli dómara (dómari í Vafningsmáli var kallaður „hinn grimmi“ í fréttatíma Stöðvar tvö á dögunum, eftir að fallið hafði afar mildur dómur þar) – heldur um þetta: meint lögbrot. Því fyrr sem hægt er að ljúka þeim málum sem til rannsóknar eru

þeim mun hraðar er hægt að hreinsa andrúmsloftið í samfélaginu. Það verður ekki hreinsað með gleymsku eða sakar-afskriftum. Mannorð verður ekki endurheimt með afskriftum.

Meint lögbrot tiltekinna aðila: Menn eru til rannsóknar fyrir stórfelld fjársvik. Við sögu koma upphæðir sem enginn skilur og fjármálagerningar sem virðist þurfa sérfræðinga í skammtafræði til að rýna í. Þessir menn starfa margir enn í viðskiptalífinu eins og ekkert hafi í skorist með nýja kennitölu, hafa

á sínum snærum dýrustu málþófsmenn landsins við að þæfa málin enn í þeirri von að þau gleymist, gufi upp, lognist út af í þófinu. Við lesum um afskriftir sem ná til tunglsins og aftur til baka. Slíkar eru upphæðirnar og slíkar voru aðfarirnar í allri þessari miklu fjármálaleikjafræði sem til rannsóknar er – slík var hugkvæmmin – að um það bil síðasta orðið sem hægt er að nota um það er orðið „fúsk“. Slíkur var skaðinn fyrir íslensk heimili, íslenskt orðspor, íslenskt þjóðarbrú, íslenska sjálfsmynd,

” Menn eru til rannsóknar fyrir stórfelld fjársvik. Við sögu koma upphæðir sem enginn skilur og fjármálagerningar sem virðist þurfa sérfræðinga í skammtafræði til að rýna í.

að sú tilhugsun er nánast óbærileg að komið verði í veg fyrir eðlilegan framgang réttvísinnar með málþófi og sakar-afskriftum.

Tangarhöfði 2 og Skeifan 11d

# Opnunartilboð Verkfæri

TVÆR NÝJAR  
VERSLANIR

30-40% afsláttur

af völdum verkfærum

Opnunartilboðin gilda eingöngu í Tangarhöfða 2 og Skeifan 11d.

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Gildistími tilboðs: 7. janúar til og með 11. janúar.

**KPMG**  
cutting through complexity

HÁSKÓLI ÍSLANDS

MORGUNVERÐARFUNDUR

## Hver er hinn íslenski stjórnarmaður?

Kynning á niðurstöðum könnunar meðal stjórnarmanna

9. janúar | kl. 9:00 | Borgartúni 27

Farið verður yfir helstu niðurstöður könnunarinnar og í kjölfarið fara fram pallborðsumræður um hvernig viðskiptalífið geti nýtt sér þær.

Skráning og nánari upplýsingar um fundinn og þátttakendur í pallborði á kpmg.is

**GEFÐU  
HÆNU**

gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf  
kirkjunnar

## MERKISATBURÐIR

- 1610** Galileo Galilei uppgötvar fjögur stærstu tungl Júpíters og nefnir þau.
- 1893** Skautafélag Reykjavíkur er stofnað.
- 1906** Ungmennafélag Akureyrar, fyrsta ungmennafélag á Íslandi, er stofnað.
- 1927** Hringt er í síma yfir Atlantshafið í fyrsta sinn, frá New York til London.
- 1927** Harlem Globetrotters leikur sinn fyrsta leik.
- 1942** María Markan verður fyrst Íslendinga til að koma fram í aðalhlutverki í Metropolitan-óperunni í New York er hún syngur hlutverk greifafurárinna í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart.
- 1953** Harry Truman, forseti Bandaríkjanna, tilkynnir að Bandaríkin hafi þróað vetnissprengju.
- 1979** Frystihús Ísbjarnarins (síðar Granda) í Örfirisey er tekið í notkun. Það er sagt eitt fullkomnasta frystihús í heimi.
- 1990** Almennungi er meinaður aðgangur að Skakka turninum í Pisa af öryggisástæðum.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÞÓR SIGURBJÖRNSSON**  
Dvalarheimilinu Höfða á Akranesi,  
áður Suðurgötu 64,



lést á Sjúkrahúsi Akraness 26. desember.  
Útförin fer fram frá Akraneskirkyju fimmtudaginn 10. janúar klukkan 14. Blóm vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnst hans er bent á Dvalarheimilið Höfða.

<b>Sigurður Villi Guðmundsson</b> <b>Þórunn Guðmundsdóttir</b> <b>Vilhjálmur Þór Guðmundsson</b> <b>Salvör Guðmundsdóttir</b> <b>Sigurbjörn Guðmundsson</b> <b>barnabörn og barnabarnabörn.</b>	<b>Dagbjört Friðriksdóttir</b> <b>Bjarni Ásmunds</b> <b>Guðrún Jónsdóttir</b> <b>Stefán H. Stefánsson</b> <b>Svandís Ásgeirsdóttir</b>
--	--



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR BJARNADÓTTIR**  
frá Húsavík,



verður jarðsungen frá Seltjarnarneskirkju 9. janúar kl. 13.00.  
Minningarathöfn fer fram í Akureyrarkirkju 11. janúar kl. 13.30. Jarðsett verður í Akureyrarkirkjugarði.

<b>Guðmundur Garðar Arthursson</b> <b>Bjarni Benedikt Arthursson</b> <b>Þórdís Guðrún Arthursdóttir</b> <b>barnabörn og barnabarnabörn.</b>	<b>Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir</b> <b>Jónína Guðrún Jósafatsdóttir</b>
--	--



Okkar ástkæra,

**SVANLAUG SIGURJÓNSDÓTTIR**  
Háaleitisbraut 85, Reykjavík,



lést á Landspítalanum við Hringbraut á aðfangadag jóla. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 9. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Kristniboðssambandið.

<b>Sigurjón Heiðarsson</b> <b>Ólöf Inga Heiðarsdóttir</b> <b>Svana Kristín Sigurjónsdóttir</b> <b>Árni Sigurjónsson</b> <b>Heiðar Smith</b> <b>Íris Kristín Smith</b> <b>og langömmubörn.</b>	<b>Kristín Tryggvadóttir</b> <b>Magnús Jón Smith</b> <b>Sigurður Jørgensson</b> <b>Rebekka Bettý Gunnarsdóttir</b>
---	---

WWW.KVEDJA.IS

*Útfararstofa*  
**SVAFARS & HERMANNSS**



*Virðing* Reynsla & Þjónusta  
*Allan sólarhringinn*



571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



HEILMIKIÐ SAMFÉLAG Kristín Linda segir alla geta fundið eitthvað við sitt hæfi hjá Skautafélagi Reykjavíkur, sem er 120 ára í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Skemmtileg og glæsileg líkamsrækt

Skautafélag Reykjavíkur var stofnað 7. janúar 1893 og er því 120 ára í dag. Starfsemi félagsins er blómleg og félagslíf innan þess sömuleiðis.

Við höfum nú ekki skipulagt neina sérstaka viðburði í tilefni afmælisins en höfum hugsað okkur að nýta það okkur til framdráttar og kynningar,“ segir Kristín Linda Kristinsdóttir, formaður listhlaupadeildar Skautafélags Reykjavíkur, spurð hvort fagna eigi afmælinu á einhvern hátt. „Starfsemi en blómleg en við höfum orðið vör við nokkurn samdrátt síðustu ár og viljum gjarnan vekja athygli á því hvað þetta er skemmtileg og glæsileg íþrótt. Við höfum átt góðu gengi að fagna í keppnum en viljum gjarnan fá fleiri iðkendur.“

Hvað eru það margir sem æfa listhlaup á skautum hjá ykkur? „Það eru tæplega tvö hundruð iðkendur skráðir og þeim hefur því miður fækkað nokkuð. Það hefur verið rýnt í ástæður þess og við höfum á tilfinningunni að þær liggi helst í minni fjárráðum fólks. En það er hægt að nýta frístundakort borgarinnar hjá okkur og börnin fá skauta og búnað lánaðan í skautaskólanum, svo þetta er ekki sérlega mikill kostnaður í upphafi. Það er Skautahöllin sem styrkir

félagið með því að leggja til búnaðinn og við erum óskaplega þakklát fyrir það.“

Hvað er það sem heillar við listhlaupið? „Þetta er alveg óskaplega skemmtileg og falleg íþrótt og alhliða líkamshjálfun.“

Varst þú sjálf á skautum sem barn? „Nei, ég hefði svo gjarna viljað æfa á skautum, en er alin upp í sveit og það var ekki í boði. En dóttir mín er að æfa og ég hef bara elt hana.“

Er mikið félagslíf í kringum skautakennsluna? „Já, hver þjálfari hefur umsjónarhóp sem hann sér um skemmtanir fyrir einu sinni til tvisvar á önn og þar er mikið fjör. Svo erum við með hrekkjavökuskemmtun og þangað eru allir velkomnir, nemandur, foreldrar, vinir og bara allir sem áhuga hafa.“

Eruð þið svo með nemendasýningar? „Já, við erum með tvær sýningar á ári í lok hvorrar annar. Jólasýningin okkar er alltaf sérlega metnaðarfull og glæsileg og núna um daginn var sýnt ævintýrið um Narníu. Svo er önnur sýning í lok vorannar sem

er svolítið léttara yfir og í vor verður þemað í henni Eurovision. Á báðum sýningum koma allir iðkendur innan félagsins fram og sýningarnar ganga út á það að allir taki þátt.“

Þið eruð með skautaskólann, samhæfðan skautadans í framhaldshópum, skemmtanir og sýningar, þannig að þetta er heilmikið samfélag? „Já, það er það og við erum líka með foreldrafélag sem sér um fjáröflun og slíkt og sér um að útvega tæki og tól sem nýtast öllum.“

Hvað þurfa krakkar sem langar til að læra listhlaup á skautum að hafa til að bera? „Listhlaupið reynir á mjög marga þætti. Þau þurfa að hafa gott þol, vera sterk og liðug og hafa gott jafnvægisþyngni. En það hafa langflestir krakkar gaman af því að vera á skautunum og þau þurfa ekkert að vera neinar stjórnur til að njóta sín hjá okkur.“

Við erum einmitt að fara í gang með vorannarnámskeiðin og þau er hægt að kynna sér á heimasíðunni okkar [skautafelag.is](http://skautafelag.is).“

fridrikab@frettabladid.is

## Skautafélag Reykjavíkur stofnað

Skautafélag Reykjavíkur var stofnað 7. janúar 1893 og er eitt af elstu íþróttafélögum í landinu. Stofnandi var Axel Tulinius. Hafði hann fengið leyfi hjá bæjarstjórn til að dæla vatni á Tjörnina og girða af svæði til skautahlaups. Nokkur gróska var í félaginu og skautahlaup iðkað af miklum krafti. 1895 lagðist félagið í dvala og vaknaði ekki aftur til lífsins fyrr en 1908. Sá sem stóð fyrir því var norskur verslunarmaður, Lorentz H. Möller, en hann hafði tröllatrú á íslenskum skautahlaupum og spáði því að innan nokkurra ára yrði Íslendingur heimsmeistari í skautahlaupi. Skautafélagið starfaði óslitið til ársins 1927 þó svo að óblítt veður hafi stundum sett strík í reikninginn varðandi skautahlaup á Tjörninni. Enn og aftur var skautafélagið endurvakið og gerðist það árið 1936, en þá sá félagið um framkvæmdir við skautasvellið á Tjörninni.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LÍFGAÐ UPP Á UMHVERFIÐ

Nú þegar jólauskreytingar hafa verið teknar niður verður heimilið svolítið liflaust fyrst í stað. Þá er upplagt að fá sér afskorin blóm í vasa eða orkideur til að lifga upp á umhverfið. Það minnir á að sólin hækkar á lofti og hægt er að hlakka til vorsins.

### GEZE

#### Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

### JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900-  
[www.jarnkler.is](http://www.jarnkler.is)



## OPNA Á SAMSTARF MILLI HÖNNUÐA

**SAMVINNA** Einn af viðburðum á HönnunarMars í vor verður samvinnusýning fagfélaga hönnuða. Tilgangurinn er að opna íslenskt hönnunarsamfélag. Verkefnastjóri World Design Capital Helsinki 2012 velur verkin.

**K**atarina Siltavuori, verkefnastjóri World Design Capital Helsinki 2012 og eigandi Galleria Norsu í Finnlandi, verður listrænn stjórnandi þverfaglegar samvinnusýningar á Hönnunarmars 2013 sem fram fer dagana 14. til 17 mars. Unnur S. Gröndal keramikhönnuður og Ásdís Birgisdóttir textilhönnuður eru verkefnastjórar sýningarinnar en kveikjan að henni var samvinnusýningin Flétta sem Textílfélagið og Leirlistafélagið stóðu fyrir á síðasta Hönnunarmars, þegar tólf verkefni voru sýnd í Hafnarhúsinu. Tilgangur samvinnusýningarinnar er að opna íslenskt hönnunarsamfélag, segja verkefnastjórar.

„Flétta átti upphaflega að vera samvinnusýning þessara tveggja félaga en þegar leið á verkefnið var það opnað fleiri félögum. Í ár var ákveðið að opna sýninguna öllum fagfélögum sem standa að Hönnunarmiðstöðinni, í þeim tilgangi að fá hönnuði til að vinna saman þverfaglega og kynnast,“ útskýrir Unnur. Hún segir feng að því að fá Katarínu til

að velja verk inn á sýninguna því glögg sé gests augað.

„Katarína er reyndur sýningarstjóri og hefur yfirsýn yfir það sem er að gerast í hönnunarheiminum. Íslenskt hönnunarsamfélag hefur gott af því að fá einhvern utanaðkomandi aðila með þjálfað auga til að velja inn á sýningu,“ segir Unnur.

Þátttakendur þurfa að vera skráðir í eitt af fagfélögum nýu sem eiga Hönnunarmiðstöð Íslands og er skilyrði að tveir eða fleiri hönnuðir vinni saman að verkefni sem tengist þema Hönnunarmars í ár, en það er töfrar eða galdrar. „Hönnuðir úr sama fagfélagi geta auðvitað parað sig saman en við leggjum upp með að fólk kynnist þvert á fög,“ segir Unnur.

Þeir hönnuðir sem hafa hug á að taka þátt þurfa að tilkynna um þátttöku fyrir 11. janúar næstkomandi og hinn 31. janúar á að skila inn verkefnum. Nánari upplýsingar er að finna á vef Hönnunarmiðstöðvar Íslands og á Facebook-síðunni Samvinnusýning hönnuða á Hönnunarmars. ■heida@365.is

#### VERKEFNASTJÓRAR

Þær Unnur S. Gröndal og Ásdís Birgisdóttir halda utan um samvinnusýningu fagfélaga hönnuða á Hönnunarmars 2013.  
MYND/STEFÁN

## ÞETTA ER TUDOR



### Rafgeymar í allar gerðir farartækja

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

# Útsala

## 20-70% afsláttur

Komdu og gerðu  
ævintýrlega góð kaup!

12 mán.  
vaxtalauser  
greiðslur\*

25%  
afsláttur af  
Wallhugger  
stillanlegum rúmum  
Ath. takmarkað magn

40%  
afsláttur af  
teppasettum  
frá Portúgal

Allt að  
50%  
afsláttur af mjúkvöru,  
lökum, hlífðardýnum,  
sængurverasettum,  
sloppum, handklæðum  
og lömpum

70%  
afsláttur af  
öllum pífum

Valhöll  
heilsudýna  
80x200 cm  
með botni og fótum  
Verð nú aðeins kr.  
54.900

ÓTRÚLEGT  
VERÐ

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

BOAS leðurhægindastólar nú frá kr. 79.900.-



\*3.5% lántökugjald

# ÚTSALA HAFIN!

MaxMara

Parisar  
TÍZKAN

B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770

## Meirapróf



Upplýsingar og innritun í  
síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 9. janúar



Útsalan  
er hafin  
30-50%  
afsláttur

Belladonna á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460  
www.belladonna.is

OKKAR BAKARÍ

## GOTT Í BARNAAFMÆLIÐ

Mikið úrval af skemmtilegum  
kökum í afmælið



Bjóðum  
einnig upp á  
eggjalausar  
tertur

Tangled, Cars, Hello Kitty, Spiderman,  
Barbie, Svampur Sveinsson og margt fleira.

Kynntu þér úrvalið á [www.okkarbakari.is](http://www.okkarbakari.is)  
og á [facebook.com/okkarbakari](https://facebook.com/okkarbakari)

Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 80 70

## FÓLK | HEIMILI



MEÐ PUTTANA Á PÚLSINUM  
Hanna Stína innanhússarkitekt.  
MYND/STEFÁN

# GAMALDAGS GLAMÚR

HEIMILIÐ 2013 Nýju ári fylgja ferskir vindar og nýjar stefnur í heimilistísku.  
Naumhyggja liðinna missera vikur fyrir auknum íburði, litum og glæsileika.

Heimilistíska nýársins samanstendur af retróáhrifum í samkrulli við nútímann, glamúr og glæsileika en einnig frjálsglega gleði og hamingju,“ segir innanhússarkitektinn Hanna Stína um heitustu stefnur í hóbýlum manna á þrettánda ári nýrrar aldar.

„Árinu 2013 fylgja spennandi tímar með áhrifum víða að og maxímalismi er allsráðandi með öllum sínum íburði, litum, mynstrum og áferðum þar sem tímabilin skarast þvert yfir annað. Setjið því engar reglur nema þá einu að fara aðeins út fyrir þægindarammann og sýna dirfsku í leit að réttu samhengi efnis, lita og mynsturs.“

1. Nú eru allir veggir herbergis málaðir í sama tón. Hann getur verið ljósgrá-brúnn, mildur túrkís eða jafnvel dökkblár fyrir þá sem þora. Bláir tónar eru vinsælir, frá ljósgrænbláum upp í svarbláa. Pastellitir eru einnig fallegir, einkum í gömlum húsum með breiðum dyrakörnum og háum listum.

2. Stórir plankar og fiskbeinamynstur er hæstmóðins í viðargólfum, annað hvort hvíttuð með gráhvítum tóni eða dökksúkkulaði-brún. Hefðbundinn gultóna eikarlitur er á miklu undanhaldi því hann gengur oft erfiðlega með öðrum litum. Dökk gólf eru elegant og fara vel með flestum húsgögnum og litum. Dökkur litur skerpir á öðrum húsbúnaði og lætur hlutlausu liti njóta sín betur.

3. Í innréttingum er dökkbæsaður viður í tísku; svarbrúnn, súkkulaði-brúnn og grábrúnn. Efniviður er eik eða askur með stórum viðaræðum, bæsaður og lakkaður. Viður á að sjást í gegn. Ég blanda oft mildum hvítum í sprautlakki á skápa til að létta á því dökka. Þá er flott að sprautlakka innréttingar háglans í mildum grábrúnum tönnum.

4. Klassískar persneskar mottur sem er búið að steinþvo og lita aftur í einum tón eru ótrúlega flottar. Oft er búið að bíta þær niður og sauma saman aftur til þess að brjóta upp mynstur þeirra.

5. Efni og áklæði húsgagna er margs konar en vinsælast er glansandi dökkbrúnt leður eða notað brúnt antíkleður. Ull og flauel er einnig í tísku, köflótt og röndótt. Sé ætlunin að bólstra gamla



sófa er fallett að setja hnappa í bakið í öðrum lit eða öðruvísi litað miðseymi.

6. Ég nota veggfóður mikið, á skrifstofur, heimili eða veitingastaði. Bókaveggfóður, veggfóður með geómetrisku mynstri, röndótt, ofið úr striga, köflótt, art deco eða hvað sem passar í hverju tilvikinu.

7. Í svefnherbergjum þarf að vera rúmgafl. Ekki úr svörtu leðri eða hörðu efni heldur fallegu mjúku efni með hnöppum og krómbólum. Flottir púðar, tveir stórir og litlir og fallett rúmteppi.

8. Flísar á gólf eru stórar, 60x60 eða 75x75. Á vegg eru langar múrsteinslagðar flísar vinsælar og stórar sexhyrndar flísar á gólf koma mjög flott út.

9. Heilklæddir veggir, bólstraðir eða með viðarpanel eru sönn heimilisprýði.

10. Aukahlutir eru mikilvægir á heimilum. Púðar gera mikið fyrir stofur og svefnherbergi; mynstraðir púðar á látlausan sófa gefa stofunni nýtt útlit. Hliðar-, borð- og standlampar eru afskaplega mikilvægir og litlir og stórir vasar, grúppaðir saman í þrennu með kertastjökum hér og þar. Myndaveggir þar sem litlu myndir heimilisins eru grúppaðar saman á gallerívegg, í stað þess að dreifa þeim stökum um allt. Flottar bókahillur troðnar af bókum frá gólfi til lofts, með skrautmunum inni á milli; blóm, ilmkerti og stór kerti setja svo punkt yfir i-ð.

■ [thordis@365.is](mailto:thordis@365.is)

### MARMARI OG FISKBEINAPARKETT

„Marmari er aftur orðinn vinsælt borðefni. Í honum er mikill karakter og hann fæst í ótal tönnum. Mér finnst Arabescato-marmari mjög flottur og Emperador-marmari er ótrúlega dökkur og flottur. Ég er líka hrifin af kopar og látúni. Allt eru þetta náttúru efni sem er gaman að nota því tímans tónn gefur þeim enn meiri sjarma og ekki þarf allt að vera eins og það hafi verið keypt í gær,“ segir Hanna Stína.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal  
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is), s. 512 5473  
Sverrir Birgir Sverrisson, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s. 512 5432  
Elsa Jensdóttir, [elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is), s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir

## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 897 8266

Sigurður Samúelsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 2312

Sveinn Eyland  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 690 0820

Íris Hall  
Löggiltur fasteignasali

Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309

Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931

Eggert Mariúson  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472

Haraldur Ómarsson  
Sölufulltrúi  
sími 845 8286

Sigurður Fannar Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
Sími 897 5930

Ólafur Hilmarsson  
Sölufulltrúi / Húsnámsábyrgingarmarkaðsmaður

## 100% Þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

FASTEIGNASALAN BÆR  
www.fasteignasalan.is

Auður Kristinsdóttir Sölufulltrúi  
Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

### Kirkjuvegur 9 44,9m

Opið hús þriðjudaginn 8. janúar kl. 18:00 - 18:30

**OPTIÐ HÚS**

Vegna mikillar sölu vantar eignir á skrá

- 6 herbergja 166 fm einbýlishús
- Rólegur staður v/miðbæ Hafnarfj.
- Áhvílandi 41,6 m.
- Mögulegt að gera að 2 íbúðum

audur@fasteignasalan.is Sími: 824 7772



Húsið stendur við Boðáþing og eru 34 íbúðir í því, tveggja og þriggja herbergja.

## Nýjar íbúðir við Elliðavatn

Heimili fasteignasala, sími 530-6500, kynnr til sölu nýtt lyftuhús fyrir 55 ára og eldri á góðum útsýnisstað í Þingahverfi Kópavogs.

52-170 fm. Flestum íbúðum fylgir stæði í bílskýli og sólskálur. Íbúðirnar skilast fullbúnar að utan sem innan án gólfefna. Innréttingar eru frá AXIS, hreinlætistæki frá Tengi og rafmagnstæki frá AEG. Granít í boröplötum og sólbekkjum. Fallegt, vel hannað fjölbýlishús á góðum fjölskylduvænum stað. Húsið er á reit sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagningar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraðra. Sölusýning er í dag frá 16.30 til 17.30.

Til sölu nýtt lyftuhús fyrir 55 ára og eldri á góðum útsýnisstað í Þingahverfi Kópavogs. Húsið stendur nálægt Elliðavatni og góðum gönguleiðum í ósnertri náttúru. Í húsinu eru 34 íbúðir á fimm hæðum. Íbúðirnar í húsinu eru tveggja og þriggja herbergja og skráðar

FRÍTT VERÐMAT HRINGDU NÚNA  
**820 8081**

Sylvía G. Walthersdóttir sylvia@remax.is

RE/MAX Alpha

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

# heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
Lögg. fasteignasali



Finnþórunn Hilmarsson  
Lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
Lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
Sölufulltrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
Lögræðingur



Ruth Einarsson  
Sölufulltrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
Skjalagerð


Finndu okkur á Facebook



**Gleðilegt nýtt ár!**  
Kæru viðskiptavinir! Við höfum endurheimt allt okkar starfslið eftir góða jólahátíð. Nú brettum við upp emnar og leggjum í nýtt ár full startsorku og eftirvæntingar um skemmtileg verkefni sem unnin verða af fagmennsku og öryggi. Þurfi þú að selja fasteign getur þú leitað til okkar.



**Melbær - Makaskipti.**  
Fallegt 280 fm endaraðhús á þremur hæðum. Kjallari og tvær hæðir ásamt fristandandi bílskúr. Mikil endurbætt og leggjum í nýtt ár full startsorku og eftirvæntingar um skemmtileg verkefni sem unnin verða af fagmennsku og öryggi. Þurfi þú að selja fasteign getur þú leitað til okkar.



**Boðáþing - Þjónustuíbúðir**  
Vandað 34 íbúða fjölbýlishús á 5 hæðum fyrir 55 ára og eldri. Flestar íbúðir með stæði í bílskýli. Húsið er á reit sem Húsvirki hf. og Hrafnista DAS fengu úthlutað til skipulagningar fyrir almennar íbúðir, þjónustuíbúðir, hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð aldraðra. Bjartar, vel skipulagðar og vandlega innréttaðar 2ja og 3ja herbergja íbúðir. **Sölusýning í dag kl. 16:30 til 17:30**



**Stangarbraut Öndverðarnesi**  
Nýlegt fullbúið sumarhús í Öndverðarnesi. Húsið er skráð 137 fm að stærð og skráð byggingarár 2008. Húsið er vel staðsett bjálkahús með góðri lofthæð. Steypt plata, hiti í gólfum, heitur pottur og 4 stór herbergi. Gott hús fyrir stórfjölskylduna.



**Álftolt - Tvær íbúðir**  
Fint 277 fm endaraðhús með tveimur íbúðum og innbyggðum bílskúr sem skiptist þannig: Aðalíbúð og ris 177 fm, íbúð í kjallara 59 fm og bílskúr 41 fm. Lóð frágengin. Miklir möguleikar.



**Hrisateigur - Sérhæð og bílskúr**  
4ra herbergja, 120 fm endurbætt sérhæð ásamt meðfylgjandi bílskúr. Þrjú svefnherbergi, stofa, opið eldhús og baðherbergi með baðkari. Sameignlegt þvottahús í kjallara. Sérbilastæði. Skjólgóður garður með sólpalli. Laus til afhendingar. V. 26,9 m.



**Unufell-4 herb.**  
Góð 99,5 fm 4 herbergja íbúð. Yfirbyggðar svalir. Þvottahús innan íbúðar. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. V 19,9 m.



**Breiðavík 3 - 3ja herb.**  
Vönduð 3ja herbergja, 90 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og afgirtum sólpalli. Tvö góð svefnherbergi, þvottahús og geymsla inn í íbúðar og björt stofa. Laus fljótlega. V. 24,9 m.



**Tunguvegur - radhús.**  
Vel skipulagt um 130 fm radhús á þremur hæðum. Endurnýjað, hús nýlega viðgert o.fl. Möguleiki á 4-5 svefnherb. Góður sólpallur í suður í sérgarði.



**Langholtsgvegur - 4ra herb.**  
Skemmtileg og vel skipulögð 80 fm 3ja - 4ra herbergja risibúð í þrjúbýlishúsi. Gólfhlóturinn er töluvert stærri. Tvö svefnherbergi, tvær stofur, svalir og fallegar innréttingar. V. 24,0 m.



**Hamravík - Allt sér!**  
Stór vönduð 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Möguleg skipti á eign miðsvæðis.



**Breiðahvarf - nýjar sérhæðir.**  
Vorur að fá í einkasölu einstaklega vandaðar sérhæðir í fjórþýlishúsi. Allar íbúðir með bílskúr, sérinngangi og sérsólpalli. Afhentar fullbúnar án gólfefna. Í hverri íbúð eru þrjú herb. og tvær stofur. Stærð 186 fm - 205 fm. V. 52,0 - 58,0 m.



**Kringlan - Sjóváhúsið**  
Til leigu 698 fm skrifstofuhúsið á 5. hæð. Í leigunni fylgir aðgangur að mótuneyti og fundarherbergjum á 6. hæð og líkamsrækt á jarðhæð ásamt bílastæðahúsi og bílastæðum utan húss. Öll umferð um húsið er aðgangsstýrð og uppfyllir m.a. kröfur FME til eftirlitsskyldra aðila.



**Álflheimar - 4ra herbergja.**  
Rúmgóð 104 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli. Þrjú rúmgóð herbergi og stofa, suðurvalir. Nýlegt baðherbergi og endurnýjað eldhús. Góð staðsetning við Laugardalinn. V. 26,0 m.



**GLEÐILEGT NÝTT ÁR. ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI.  
ÓSKUM EFTIR ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM EIGNA Á SKRÁ. GÓÐUR SÖLUTÍMI FRAMUNDAN.**

**SÉRBYLI**



**Frakkastigur**

Virðulegt og fallegt járnklætt timbureinbýlishús á hlöðnum grunni, samtals 149,0 fm. að stærð. Húsið stendur á 292,1 fm. eignarlóð. Tvö sér bílastæði eru á lóðinni, sem er hellulögð að hluta. Ófnar og ofnalagnir hafa verið endurnýjaðar. **Verð 39,0 millj.**



**Starhagi.**

307,2 gm. Glæsilegt einbýlishús á þremur hæðum með aukabúð á þessum glæsilega útsýnisstað auk 35,1 fm. bílskúrs. Á aðalhæð eru m.a. samliggjandi stofur með fóstum innréttingum, borðstofa, sjónvarpsstofa og eldhús með fallegum upprunalegum innréttingum. Á efri hæð eru 5 herbergi og baðherbergi. Íbúð í kjallara er 3ja herbergja, samþykkt og með fullri lofthæð. Glæsilegt útsýni úr stofum út á sjóinn. Falleg lóð. **Frábær staðsetning.**



**Hegranes- einbýlishús á sjávarlóð á sunnanverðu Arnarnesi**

Glæsilegt 260 fermetra einbýlishús með 41,5 fm. innbyggðum bílskúr. Húsið er vel staðsett á sunnan verðu Arnarnesi með miklu útsýni til sjávar. Húsið hefur verið mikið endurnýjað og er í góðu ásigkomulagi. 4 svefnherbergi. Mjög auðvelt er að stækka húsið ef vill þar sem lóðin er 1.517 fm. að stærð. **Verð 99,0 millj.**



**Suðurmýri - Seltjarnarnesi.**

Fallegt 159,8 fm. einbýlishús á Seltjarnarnesi. Húsið er upphaflega byggt árið 1940, en var síðan endurbýtt og stækkað árið 2002. Við húsið var byggður bílskúr sem nú er nýttur sem íbúðarrými. Einnig var rishæð með geymslulofti byggð ofan á húsið. Eignin skiptist m.a. í rúmgóða stofu með aukinni lofthæð, borðstofu, eldhús og fimm herbergi. **Verð 48,0 millj.**



**Asparharf- Kópavogi**

Afar glæsilegt og vandað 243,1 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 34,6 fm. bílskúr á frábærum útsýnisstað við Elliðaavatn. Húsið er innréttað á afar vandaðan og smekklegan máta. Instabus rafkerfi er í húsinu. Innihurðir eru allar extra háar. Innréttingar eru sérsmíðaðar, hvítar og úr bæsaðri eik. Gólfefni eru hvíttáður askur og flisar. Þrjú svefnherbergi. Auðvelt er að innrétta eitt stórt svefnherbergi í viðbót í stað sjónvarpsstofu á neðri hæð. Lóðin er með miklum hellulögðum veröndum. Falleg lýsing utan á húsinu og á lóð. **Verð 69,9 millj.**



**Kvistaland.**

Glæsilegt einbýlishús á einni hæð á frábærum stað í Fossvogi. Húsið er samtals 272,9 fm. að stærð að meðtöldum 49,6 fm. bílskúr og um 40 fm. sólskála. Eignin hefur verið mikið endurnýjað og skiptist m.a. í eldhús með nýlegum háglans innréttingum, sjónvarpsbol með útgangi á verönd, stóra borð- og setustofu, sólskála með heitum potti og fjögur herbergi auk fataherbergis auk lítillar íbúðar sem hefur verið innréttað í bílskúr. Ræktuð lóð. Frábær staðsetning. **Tilboð óskast**

**SÉRBYLI**



**Móafliot - Gardabæ**

Mikið endurnýjað 160,7 fm. raðhús á einni hæð auk 42,7 fm. bílskúrs. Húsið var mjög mikið endurnýjað fyrir um 10 árum síðan. Þá voru m.a. bæði baðherbergi endurnýjuð, innrétting og tæki í eldhúsi, gólfefni, rafmagnstöflur, vatns- og ofnalagnir að hluta, innihurðir o.fl. Mógulegt er að innrétta bílskúr sem hluta af íbúðarrými þar sem innangengt er í bílskúr af o.fl. Mógulegt er að með verönd til suðurs og vesturs. Hellulögð innkeyrsla. Frábær staðsetning í góðu göngufæri við skóla, sundlaug og aðra þjónustu **Verð 56,9 millj.**



**Hrísholt - Gardabæ.**

Fallegt 250,9 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað. Stórar samliggjandi stofur með frábæru útsýni yfir borgina, út á sjóinn og víðar. Sólskáli með útgangi á verönd með heitum potti. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Þrjú stór herbergi auk fjölskyldurýmis. Ræktuð lóð með hellulagðri innkeyrslu og hitalögnum. Auðvelt er að útbúa 2ja herbergja íbúð á neðri hæð hússins. **Verð 59,0 millj.**



**Leiðhamrar.**

Fallegt 170,0 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum/áföstum 28,6 fm. bílskúr í Grafarvogi. Eignin er vel staðsett við opið svæði á friðsælum stað í botnlangagötu. Samliggjandi borð- og setustofa, sólstofa, sjónvarpsbol með útgangi á svalir og fjögur herbergi auk fata- og vinnuherbergis. Háalofi er yfir allri efri hæðinni og stórkostlegs útsýnis nýtur þaðan. Ræktuð lóð með um 40 fm. timburverönd. Hellulögð heimkeyrsla að bílskúr og göngustígar með hitalögnum. **Verð 49,9 millj.**



**Hamraberg.**

Mikið endurnýjað 128,2 fm. parhús á tveimur hæðum með góðum afgirtum garði í rólegu og barnvænu hverfi í efra Breiðholti. Búðið er að endurnýja eldhús og baðherbergi. Þrjú herbergi. Baðherbergi með hombaðkari og sturtuklefa. Gólfhiti í allri neðri hæðinni. Gardur með góðum veröndum. **Verð 35,3 millj.**



**Haukanes - Gardabæ.**

Skemmtilega hannað 274,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum, þar af 63,0 fm. innbyggður tvöfaldur bílskúr. Húsið er á 1.554,0 fm. eignarlóð, vel staðsettri og með góðu útsýni til norð-vesturs. Eignin skiptist m.a. samliggjandi stofur með útgangi á verönd, opið eldhús með eyju, fjögur herbergi, baðherbergi og tvær snyrtingar. Gufubað. Að utan er húsið álkætt að mestu. **Verð 69,0 millj.**



**Gnítakór-Kópavogi**

Fallegt 343,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum neðan við götu að meðtöldum 36,0 fm. innbyggðum bílskúr. Húsinu hefur verið skipt upp í þrjár íbúðir þ.e. 131,0 fm. efri hæð hússins er í dag ein íbúð og 175,9 fm. neðri hæð hússins hefur verið skipt upp í tvær 2ja herbergja íbúðir um 85,0 fm. hvort með sér inngangi. Húsið er vel staðsett á góðum útsýnisstað. **Verð 79,0 millj.**

**4RA - 6 HERBERGJA**

**SÉRHÆÐ ÓSKAST Í 101, 107 EDA 170**

Höfum trausta kaupendur að 4ra - 5 herbergja sérhæð á Högum, Melum, Seltjarnarnesi eða í gamla vesturbænum.



**Straumsalir-Kópavogi. 5 herbergja með 4 svefnherbergjum.**

Mjög falleg 129,8 fm. 5 herbergja íbúð á 3. hæð í 5 íbúða húsi. Fjögur svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með útgangi á um 12 fm. svalir til suðvesturs. Opið eldhús með fallegum innréttingum úr mahony. Frá íbúðinni nýtur stórkostlegs útsýnis að Reykjanesi, til Snæfellsjökuls og víðar. Stutt í skóla, sundlaug og íþróttasvæði. Hús nýlega málað að utan. **Verð 36,9 millj.**



**Kriuhólar- 4ra herbergja ásamt bílskúr .**

116,1 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð auk 25,9 fm. fristandandi bílskúr. Eldhús opið að hluta. Rúmgott hjónaherbergi og tvö barnaherbergi. Svalir til suðvestur. Lóð í rækt og góð aðstaða fyrir börn. **Verð 24,7 millj.**



**Barmahlíð- efri hæð**

Falleg 119,0 fm. íbúð á efri hæð í fjórbylishúsi í Hlíðunum. Hæðin sem er mjög opin skiptist í rúmgott hol/gang, opið eldhús með eikarinnréttingu, samliggjandi skiptanlegar stofur, tvö til þrjú herbergi og flisalagt baðherbergi. Svalir til suðvesturs út af stofum og sameiginlegar svalir út af stígapalli í vestur. Þvottaaðstaða á baðherbergi auk sameiginlegs þvottaherbergis í kjallara. Bílskúrsréttur fylgir eigninni. **Verð 32,5 millj.**



**Sogavegur- efri sérhæð**

Glæsileg 122,9 fm. 3ja - 4ra herbergja efri sérhæð í nýlegu húsi auk 24,5 fm. bílskúrs. Íbúðin er afar vönduð í alla stadi. Sérsmíðaðar innréttingar. Eikarparket og flisar á gólfum. Extra háar innihurðir úr eik. Rúmgóðar stofur með gólfsluðum gluggum. Tvö baðherbergi. Útgangur úr hjónaherbergi á þaksvallir ofan á bílskúr. Gólfhiti. Hús að utan fullfrágengið og lóð frágengin að langmestu leyti. **Verð 49,0 millj.**



**Espigerði- íbúð á tveimur hæðum**

Glæsileg 166,1 fm. íbúð á tveimur hæðum að meðtalinni sér geymslu í kjallara. Brennar svalir eru á íbúðinni og nýtur útsýnis yfir borgina og víðar frá þeim og úr íbúðinni. Stórar samliggjandi stofur, sjónvarpsbol, tvö rúmgóð herbergi (möguleiki á þremur). Íbúðinni fylgir sér stæði í bílageymslu. Útsýnis nýtur **Verð 39,5 millj.**



**Eyjabakki - 4ra herbergja íbúð.**

95,5 fm. 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í neðra Breiðholti. Íbúðin er mikið upprunaleg að innan. Stofa og borðstofa með útgangi á litla hellulagða verönd. Eldhús með góðum borðkrók. Þvottaherbergi innan íbúðar. **Verð 17,9 millj.**



# Langalína 15-23

## Sjálandi Garðabæ



### NÝJAR ÍBÚÐIR

Nýjar íbúðir í glæsilegu 3ja hæða fjölbýlishúsi við Löngulínu 15-23 í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru 2ja til 5 herbergja frá 67 fm. til 157 fm., ýmist með góðum svölum eða stórra timburverönd. Stæði í bílageymslu fylgja flestum íbúðum í lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Íbúðirnar verða afhentar í mars til september 2013 án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Innréttingar og innihurðir verða úr eik. **Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

#### 3JA HERB.



##### Hraunbær.

Góð 89,5 fm. íbúð á 2. hæð í Árbænum. Útgangur á svalir til suðvesturs úr stofum. Eldhús með nýlegri innréttingu. Franskar svalir út af hjónaherbergi. Suðurhlíð hússins er klædd með steni. Sér merkt bílastæði fylgir íbúðinni á lóð. **Verð 17,5 millj.**



##### Norðurbakkí-Hafnarfirði. Glæsileg 3ja herb. íbúð

Glæsileg og vönduð 105,2 fm. íbúð á 1. hæð með svölum til norðausturs og stórra og skjólgóðri verönd til suðvesturs auk sér stæðis í lokaðri og upphitaðri bílageymslu í nýlegu lyftuhúsi. Íbúðin er innréttuð eftir höfði eigenda með extra háum innihurðum, vandaðri eldhúsinnréttingu og afar vönduðu baðherbergi. Aukin lofthæð í íbúðinni. **Verð 29,0 millj.**

#### 3JA HERB.



##### Sóltún. Glæsileg íbúð með tvennum svölum.

Afar glæsileg 139,2 fm. íbúð á 3. hæð með tvennum svölum (aðrar yfirbyggðar) og sér stæði í bílageymslu í nýlegu húsi í Sóltúni. Allar innréttingar eru frá Axis. Innihurðir og gólfefni eru úr eik. Gólfhiti í allri íbúðinni. Tvennar rúmgóðar svalir. Eldhús var endurhannað, stækkað og elda-vélarreyju komið fyrir. Aðeins tvær íbúðir á hæðinni. Lóð fullfrágengin með hitalögnum í stéttum. **Verð 48,5 millj.**



##### Njálsgata – íbúð á efstu hæð með tvennum svölum

Lúxusíbúð í sérflökki á efstu hæð í nýlegu lyftuhúsi í miðborginni ásamt sér stæði í bílageymslu. Mjög mikil lofthæð er í allri íbúðinni og innfelld lýsing er í loftum. Tvennar stórar svalir eru á íbúðinni, til suðurs og norðurs. Rúmgóð og björt stofa. Eldhús opið við stofu með hvítum sprautulökkum innréttingum. Tvö svefnherbergi. **Verð 49,9 millj.**

#### 3JA HERB.



##### Langalína – Sjálandi Garðabæ. Glæsileg íbúð með sjávarútsýni.

**ÁSTFANGIN** Svo virðist sem Harris hafi gífst Hefner af ást.

## Gengið frá kaupmála

Þrátt fyrir að Crystal Harris hafi látið til skarar skriða í þetta skiptið og gengið að eiga Playboy-kónginn Hugh Hefner á gamlárskvöld þá varð hún ekki erfingi allra eigna hans í kjölfarið. Þarið gekk frá kaupmála þremur vikum fyrir brúðkaupið þar sem skýrt er tekið fram að skilji þau eða látist Hefner eigi Harris ekkert tilkall til eigna hans, né Playboy-setursins sem hún þarf að yfirgefa um leið.

Harris er 26 ára gömul og því sextíu árum yngri en spúsinn.



**HAMINGJUSÖM** Robin Wright er trúlofuð leikaranum Ben Foster og er brúðkaup á dagskránni með vorinu.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Komin með nýjan

Leikkonan og fyrrverandi eiginkona leikarans Seans Penn, Robin Wright, hefur fundið hamingjuna á nýjan leik. Blaðið Esquire segir leikkonuna hafa verið að hitta leikarann Ben Foster á laun síðastliðið ár og parið sé nú tilbúið að ganga upp að altarinu saman. Foster ku hafa skellt sér á skeljarnar yfir hátíðirnar og mun brúðkaup því vera á dagskránni með vorinu. Heimildarmaður blaðsins segir Wright loksins vera hamingjusama eftir erfitt hjónaband við stjórnmaleikarann sem var þekktur fyrir kvensemi sína. Penn og Wright voru gift í fjórtán ár og eiga saman tvö börn.

Foster lék meðal annars í mynd Baltasars Kormáks, *Contraband*, en fjórtán ár skilja parið að.



**EINMANA UM JÓL** Robert Pattinson og Kristen Stewart eyddu jólinum ekki saman.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Ekki saman um jólin

Robert Pattinson og Kristen Stewart hættu við að eyða jólinum saman eftir rifrildi ef marka má tímaritið *In Touch Weekly*. Þarið ætlaði upphaflega að vera saman í London yfir hátíðarnar.

„Kristen tilkynnti Robert að hún vildi bjóða móður sinni með til Englands. Rob varð pirraður því heimsóknin átti að bæta samband hennar og fjölskyldu hans. Það endaði með því að Robert fór einn til Englands. Hann eyddi aðfangadag á barnum með vinum sínum og systur sinni,“ var haft eftir innanbúðarmanni.

## Á góðri siglingu

TÓNLIST ★★★★★

### Epic Rain

Elegy

EIGIN ÚTGÁFA

Epic Rain er listamannsnafn Jóhannesar Birgis Pálmasonar, en áður kallaði hann sig Rain og Rigning. Rætur Jóhannesar liggja í hipp hoppinu en hann hefur starfrækt útgáfufyrirtækið 3angle Productions undanfarinn áratug ásamt Pan Thorarensen og gefið út nokkrar rapplötur. Árið 2011 gerðu Epic Rain og Pan (undir nafninu Beatmakin Troopa) plötuna *Campfire Rumours* þar sem kvað við nokkuð

nýjan tón. Á henni mátti heyrast áhrif frá Tom Waits, kántrítónlist og blús. Á nýju plötunni, *Elegy*, heldur Jóhannes áfram að þróa tónlistina en í þetta skiptið fékk hann heila hljómsveit til liðs við sig. Á plötunni spila m.a. Stefán Sampling, Magnús Tryggvason, Guðmundur Rósusson og Roland Hartwell. Hljómsveitin Epic Rain hefur spilað víða undanfarið, bæði á Íslandi og erlendis, og fékk m.a. lof frá David Fricke hjá Rolling Stone fyrir tónleikana sína á Airwaves.

Eins og áður segir er tónlistin á *Elegy* framhald af *Campfire Rumours*. Það er nett Dr. John eða Tom Waits stemning í söngnum en tónlistin sjálf minnir líka oft á Waits

þegar hann er í sínum létt sjúkskaða kabarett-ham. Mér finnst ég líka heyrast smá Massive Attack-áhrif á stöku stað. Upphafslagið, *Vanishing Moon*, er eitt margra vel heppnaðra laga á *Elegy*. Í því syngur ljúf kvenródd á frönsku, sem skapar skemmtilega andstæðu við hrjúfan söng Jóhannesar. Þetta er mjög vel unnin plata, töluvert betri en *Campfire Rumours*. Jóhannes kemst oft á gott flug í textum og söng og tónlistin grúvar vel. Hljómurinn er líka djúpur og flottur. Það er margt sem gefur tónlistinni lit; skal þar nefna strengjautsetningar Rolands Hartwell en líka sparlega

notaðan blástur, harmónikkuleik, þeramín, banjó og stálgítar.

Það sem hægt er að finna að plötunni er kannski helst að tónlistin er næstum of Tom Waits-leg á köflum og nokkur laganna eru svolítið keimlúk. Það er samt margt gott á *Elegy* og óhætt að segja að Jóhannes og félagar séu á góðri siglingu. Það verður gaman að fylgjast með Epic Rain í framtíðinni.

Trausti Júlíusson

**NIÐURSTAÐA:** Rapparinn Epic Rain heldur áfram að víkka sjóndeildarhringinn.

# Betra líf á nýju ári

með Kolbrúnu grasalækni



## Snýst áramótaheitið um bætta heilsu?

Taktu þig í gegn á nýju ári og öðlastu betra líf með betri næringu.

Mikil lífsgæði felast í því að viðhalda heilbrigðri bakteríuflóru í meltingarveginum. Kolbrún grasalæknir og starfsfólk Jurtaapóteksins veita einfaldar en áhrifaríkar leiðbeiningar um hvernig má ná og viðhalda því ástandi í líkamanum.



### NÁMSKEIÐ 10. JANÚAR 2013

Betri næring – betra líf - heilbrigð bakteríuflóra

Á námskeiðinu fer Kolbrún grasalæknir yfir það hvernig öðlast má betra líf með því að bæta bakteríuflórana í meltingarveginum með réttri næringu og jurtum.

Námskeiðið er byggt á bókinni *Betri næring – betra líf* sem kom út 2011. Námskeiðið er haldið að Laugavegi 2 og hefst kl. 18.30. **Verð aðeins 4.500 kr.**



Skráning á [jurtaapotek@jurtaapotek.is](mailto:jurtaapotek@jurtaapotek.is) eða í síma 552 1103.



Allt sem þú þarft í fyrsta áfanga, bókin, jurtir, bætiefni og olíur, á **15% afslætti í janúar.**

Allar nánari upplýsingar um hvernig þú getur öðlast betra líf á heimasíðunni [www.jurtaapotek.is](http://www.jurtaapotek.is).

**JURTAAPOTEK**  
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

Laugavegi 2 • 101 Reykjavík • Sími 552 1103 • [www.jurtaapotek.is](http://www.jurtaapotek.is) • [jurtaapotek@jurtaapotek.is](mailto:jurtaapotek@jurtaapotek.is)

## Víkingar futsalmeistarar í þriðju tilraun

**FÓTBOLTI** Karlalið Víkings úr Ólafsvík og kvinnalið Vals urðu Íslandsmeistarar í innanhússknattspyrnu, futsal, í gær. Víkingar úr Ólafsvík voru búnir að tapa tveimur úrslitaleikjum í röð en unnu Val 5-2 í gær. Eyþór Helgi Birgisson skoraði tvö mörk fyrir Víking en hin mörkin skoruðu Alfred Mór Hjalta-lín, Dominik Bajda og Brynjar Kristmundsson. Svava Rós Guðmundsdóttir tryggði Val titilinn þegar hún skoraði sigurmarkið þremur sekúndum fyrir leikslok í 6-5 sigri á ÍBV. ÍBV komst í 5-2 í úrslitaleiknum. Svava Rós skoraði tvö síðustu mörk leiksins en hin mörk Vals skoruðu Telma Ólafsdóttir, Svana Rún Hermannsdóttir, Dóra María Lárusdóttir og Elín Metta Jensen.



## Prjú efstu liðin inn í undanúrslitin

Prjú félag tryggðu sér sæti í undanúrslitum Powerade-bikars karla í körfubolta í gær. Það eru Stjarnan, Snæfell og Grindavík sem eru í þremur efstu sætum í deildinni. Stjarnan vann 94-77 heimasigur á ÍR í eina uppgjöri úrvalsdeildarliða en Snæfell og Grindavík slógu bæði út 1. deildarlið. Snæfell vann Val 100-85 á Hlíðarenda og Grindavík vann Reyni í Sandgerði 112-68. Lokaleikur átta liða úrslitanna er á morgun þegar nágarnarnir í Keflavík og Njarðvík mætast.

## Fékk að eiga Sjómannabikarinn

Kolbrún Alda Stefánsdóttir frá Firði/SH vann Sjómannabikarinn þriðja árið í röð á Nýársundmóti Íþróttasambands fatlaðra í Laugar-dalslauginni um helgina. Kolbrún Alda vann því bikarinn til eignar og er hún fjórði sundmaðurinn sem nær því. Kolbrún Alda fékk 679 stig fyrir frammistöðu sína í 50 metra skriðsundi. Þau prjú sem hafa líka unnið Sjómannabikarinn til eignar eru Birkir Rúnar Gunnarsson, Gunnar Örn Ólafsson og Guðrún Sigurðardóttir.

## Óskar og stelpurnar á toppnum

Óskar Bjarni Óskarsson og stelpurnar í Viborg HK náðu tveggja stiga forskoti á toppi dönsku úrvalsdeildarinnar um helgina eftir 29-24 útisigur á FIF. Þetta var annar leikur kvinnaliðs Viborg undir stjórn Óskars Bjarna en sá fyrsti vannst með fjórtán mörkum. Sænska landsliðskonan Isabelle Gulldén átti stórleik og skoraði tíu mörk í leiknum. Viborg HK er með tveggja stiga forskot á FC Midtjylland, sem á leik inni á útivelli á móti Íslendingaliðinu Team Tvis Holstebro í kvöld.

## UPPGJÖR HELGARINNAR

### Birkir og félagar Prír sigrar í fjórum leikjum



Birkir Bjarnason og félagar í Pescara unnu frábæran 2-0 útisigur á Fiorentina í ítölsku A-deildinni í gær en þetta var þriðji sigur liðsins í síðustu fjórum leikjum. Birkir fékk aðeins að spila í 177 mínútur í fyrstu þrettán umferðum tímabilsins en kom inn í liðið þegar Cristiano Bergodi tók við þjálfuninni í lok nóvember. Birkir var að spila sinn sjötta 90 mínútna leik í röð í þessum sigri í gær en þessi prjú stig komu liðinu upp í 15. sætið.

### Gylfi Þór Sá eini sem komst áfram

Gylfi Þór Sigurðsson var eini Íslendingurinn sem komst áfram í enska bikarnum um helgina en hann var í byrjunarliði Tottenham og átti þátt í fyrsta marki liðsins í 3-0 sigri á Coventry. Hin tvö Íslendingaliðin féllu óvænt út á móti utandeildarliðum. Aron Einar Gunnarsson og Heiðar Helguson voru hvorugir í leikmannahópi Cardiff City sem tapaði 2-1 á móti Macclesfield Town. Malky Mackay, stjóri Cardiff, gerði ellefu breytingar á byrjunarliði sínu og tefldi fram algjöru varaliði í leiknum. Björn Bergmann Sigurðarson var heldur ekki með Wolves sem tapaði 1-0 á móti Luton. Eftir leikinn var Ståle Solbakken, norskur stjóri félagsins, rekinn.



**Ólafur Gústafsson**  
Vinstri skytta hjá Flensburg  
Lék með FH á Íslandi  
23 ára (fæddur 27.03.1989)  
196 sm og 95 kg  
10 landsleikir og 26 mörk



**Fannar Þór Friðgeirsson**  
Leikstjórnandi hjá Wetzlar  
Lék með Val á Íslandi  
25 ára (fæddur 03.06.1987)  
181 sm og 85 kg  
4 landsleikir og 4 mörk



**Arnór Þór Gunnarsson**  
Hornamaður hjá Die Bergische  
Lék með Val á Íslandi  
25 ára (fæddur 23.10.1987)  
181 sm og 85 kg  
16 landsleikir og 42 mörk



**Stefán Rafn Sigurmannsson**  
Hornamaður hjá R-N Löwen  
Lék með Haukum á Íslandi  
22 ára (fæddur 9.05.1990)  
196 sm og 96 kg  
6 landsleikir og 5 mörk

## Nýliðar íslenska handboltalandsliðsins á HM á Spáni

<b>HM 2013</b>	4 nýliðar	<b>HM 2011</b>	3 nýliðar	<b>EM 2008</b>	2 nýliðar	<b>HM 2005</b>	8 nýliðar
<b>ÓL 2012</b>	0 nýliðar	<b>EM 2010</b>	2 nýliðar	<b>HM 2007</b>	2 nýliðar	* Einn nýliði kallaður inn á miðju móti	
<b>EM 2012*</b>	2+1 nýliðar	<b>ÓL 2008</b>	2 nýliðar	<b>EM 2006*</b>	3+1 nýliðar		

# Fjórir nýliðar á HM

Nýliðarnir hafa ekki verið fleiri í íslenska landsliðinu síðan á HM í Túnis 2005. Bæði mótin eru fyrsta mót eftir langa þjálfaratíð Guðmundar Guðmundssonar.

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson valdi í gær þá fjórtán útileikmenn sem munu skipa hóp íslenska landsliðsins á HM á Spáni en fyrsti leikur strákanna okkar verður á móti Rússum á laugardaginn. Aron valdi fjóra nýliða í hópinn sinn því þeir Stefán Rafn Sigurmannsson, Fannar Þór Friðgeirsson, Ólafur Gústafsson og Arnór Þór Gunnarsson eru allir á leiðinni á sitt fyrsta stórmót.

Það eru liðin átta ár síðan það voru svona margir nýliðar á stórmóti en Viggó Sigurðsson var með átta nýliða í hópnum sem fór til Túnis árið 2005.

„Þetta verður eldskírni fyrir þessa stráka og það eru líka margir leikmenn í stærri hlutverkum en þeir hafa áður verið

í. Við erum með kjarna af leikmönnum sem hafa mikla reynslu og svo erum við líka með annan kjarna sem er mjög reynslulúttill,“ segir Aron.

Viggó gaf mörgum lykil-mönnum framtíðarinnar sitt fyrsta tækifæri á stórmóti í Túnis fyrir átta árum og nú er vonandi að leikmennirnir sem koma inn núna geti tekið að sér stór hlutverk í framtíðinni.

„Menn verða að vera tilbúnir þegar kallið kemur og það sem við stefnum að er að koma öllum inn í mótið í riðlakeppninni. Það er líka þannig að við erum með lykilleikmenn sem munu bera þungann af sóknarleikum okkar. Svo verða aðrir að vera tilbúnir að koma með sitt inn í þetta,“ segir Aron.

Það sem þessi tvö stórmót, HM á Spáni 2013 og HM í Túnis 2005, eiga líka sameiginlegt er að bæði mótin eru fyrsta stórmót íslenska landsliðsins eftir langa þjálfaratíð Guðmundar Guðmundssonar. Guðmundur náði frábærum árangri með íslenska landsliðið, fyrst 2001 til 2004 og svo 2008 til 2012, en aðalgagnrýnin á hans störf var að treysta of mikið af fáa leikmenn.

Aron hefur sýnt það í sínum fyrstu landsleikjum að hann notar liðið sitt og því má búast við að umræddir fjórtán leikmenn fái allir sitt tækifæri á Spáni.

„Nú verða aðrir að taka við keflinu og sýna sig,“ segir Aron. ooj@frettabladid.is

## Kvinnakarfan Prjú efstu liðin töpuðu



Það var mikið um óvænt úrslit í 15. umferð Dominosdeildar kvenna í körfubolta um helgina því þrjú efstu liðin töpuðu sínum leikjum. Haukakonur urðu fyrstar til að vinna topplið Keflavíkur þegar þær fóru suður með sjó og unnu 73-61 en Keflavík var búið að vinna fjórtán fyrstu leiki sína á tímabilinu. Snæfell (2. sæti) og KR (3. sæti) töpuðu bæði sínum leikjum, Snæfell á heimavelli á móti Val (64-81), þar sem Jaleesa Butler (18 stig og 19 fráköst) átti stórleik í sínum fyrsta leik með Val, og kanalaust KR-lið tapaði 56-67 í Grindavík. Valskonur geta líklega ekki fagnað sigrinum lengi því Snæfell kærði leikinn út af því að Butler var ekki komin með leikheimild á laugardaginn. Njarðvíkurkonur enduðu síðan sex leikja taphrinu sína með dramafiskum 87-85 endurkomusigri á móti botnliði Fjölnis.

## Enski bikarinn Nýju mennirnir öflugir

Demba Ba (Chelsea), Joe Cole (West Ham) og Daniel Sturridge (Liverpool) voru allir að spila sína fyrstu leiki í enska bikarnum um helgina eftir að hafa verið keyptir í síðustu viku. Það er óhætt að segja að þeir hafi stimplað sig vel inn hjá nýju liðunum sínum. Demba Ba kom inn í byrjunarliðið fyrir Fernando Torres og skoraði tvö mörk í 5-1 sigri Chelsea á Southampton, Joe Cole lagði upp tvö mörk fyrir James Collins þegar aðeins mark Robins van Persie í uppbótartíma kom í veg fyrir að West Ham sló út topplið Manchester United og Daniel Sturridge skoraði fyrra mark Liverpool í 2-1 sigri á utandeildarliði Mansfield Town en seinna mark liðsins, sem Luis Suarez skoraði, átti reyndar aldrei að standa.



## HM í handbolta Aron valdi 17 menn

Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari Íslands í handbolta, tilkynnti í gær 17 manna hóp sinn fyrir heimsmeistaramótið á Spáni sem hefst um næstu helgi. Hópurinn er þannig skipaður: **Markmenn:** Aron Rafn Eðvarðsson (Haukar), Björgvin Páll Gústavsson (Magdeburg), Hreiðar Leví Guðmundsson (Nötteröy). **Vinstri hornamenn:** Guðjón Valur Sigurðsson (Kiel), Stefán Rafn Sigurmannsson (Rhein-Neckar Löwen). **Vinstri skyttur:** Aron Pálmansson (Kiel), Ólafur Guðmundsson (Kristianstad), Ólafur Gústafsson (Flensburg). **Leikstjórnendur:** Snorri Steinn Guðjónsson (GOG), Fannar Þór Friðgeirsson (Wetzlar), **Hægri skyttur:** Ásgeir Örn Hallgrímsson (Paris). **Hægri hornamenn:** Þórir Ólafsson (Vive Targi Kielce), Arnór Þór Gunnarsson (Die Bergische), **Línnumenn:** Róbert Gunnarsson (Paris), Kári Kristjánsson (Wetzlar), Vignir Svavarsson (Minden). **Varnarmenn:** Sverre Jakobsson (Grosswallstadt).

## Prír markmenn – tvö laus sæti

Aron Kristjánsson á enn eftir að fækka um einn markmann í hópnum fyrir HM.

**HANDBOLTI** Markverðirnir Aron Rafn Eðvarðsson, Björgvin Páll Gústavsson og Hreiðar Leví Guðmundsson fá eitt tækifæri enn til þess að tryggja sér sæti í HM-hóp Arons Kristjánssonar.

„Við gerum ráð fyrir því að skera niður um einn markmann eftir Svíþjóðarleikinn. Við lendum í því að Aron Rafn (Eðvarðsson) var veikir milli jóla og nýárs og Björgvin er ekki alveg heill heilsu. Við tökum stöðuna á því eftir leikinn á móti Svíum og þessir þrír eru bara í harðri samkeppni,“ sagði Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari um þá ákvörðun sína að velja þrjá markmenn í 17 manna hópinn sinn.

„Þeir verða allir með í þeim leik en þetta var tækifæri Arons til að sýna sig því hann fékk ekki tækifærið í hinum tveimur leikjunum,“ sagði Aron.

Leikur Íslands og Svíþjóðar hefst klukkan 18.15 á morgun og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport eins og öll heimsmeistarakeppnin.

„Svíaleikurinn er generalprufa fyrir HM og við mætum á fullu í þann leik. Við erum að finnúsa síðustu atriðin fyrir heimsmeistaramótið og skoða þá hluti sem við þurfum að skoða betur, eins og með markmennina.“



**ARON RAFN** Fær tækifæri til að sanna sig á móti Svíum. FRETATABLADI/VILHELM

# Nýtt!



Nicorette® QuickMist munnholsúði

## HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



### Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingapörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fánlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótíníkn, til að draga úr fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reyktt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan hábrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnaheftum, magasár eða vérlindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þunguðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reyktt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

nicorette  
nicotin

## STÖÐ 2 kl. 21.35 Red Riding – 1974

Stöð 2 sýnir í kvöld fyrsta hlutan í mögnuðum breskum þríleik sem kallast Red Riding. Þetta eru spennumyndir af bestu gerð sem vöktu mikla athygli þegar þær voru sýndar í bresku sjónvarpi. Fyrsta sagan gerist árið 1974 þegar ung stúlka hverfur spurlaust og ungur blaðamaður rannsakar málið. Hann kemst fljótt að því að ekki er allt með felldu innan lögreglunnar.



## Í KVÖLD



### Horizon – The Truth about Exercise

**RÚV KL. 20.20** Heimildarmynd þar sem Michael Mosley segir frá rannsóknum á líkamsrækt og æfingum. Þær rannsóknir leiða í ljós að mjög öflug þriggja mínútna æfing vikulega gæti skilað árangri fyrir suma. Mosley er sá sami og gerði þáttaröðina Inside the Human Body.

IMDb 6,6



### CSI

**SKJÁR 1 KL. 22.00** Ted Danson bætist í hópinn í tólfu þáttaröðinni um rannsóknardeildina klóku í Las Vegas. Danson fer með hlutverk D.B. Russell, nýs yfirmanns deildarinnar sem í þessum fyrsta þætti sérúnnar rannsakar dularfullan dauða veiðimanns. Með önnur aðalhlutverk fara George Eads, Eric Szmanda og Jorja Fox.

TV.COM 8,9 IMDb 7,9



### Glee

**STÖÐ 2 KL. 20.05** Yfirlið Marleys á sviðinu hefur dramatískar afleiðingar í för með sér fyrir Glee-hópinn. Sue nýtir sér að sjálfsögðu tækifærið og reynir enn einu sinni að eyðileggja hópinn. Rachel og Kurt þurfa bæði að sanna sig fyrir Carmen Tibideaux og hinum hjá NYADA.

73/100 IMDb 8,2

## RÁS 1

FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregni **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstud með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregni **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregni **12.50** Dánarfregni **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpsagan: Nafnlausir vegir **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjórnurnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spégillinn **18.50** Veðurfregni **18.53** Dánarfregni **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregni **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Samfélagið **22.30** Albúmið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

## RÚV

- 16.50** Landinn (e)
- 17.20** Sveitasæla
- 17.31** Spurt og sprellað
- 17.38** Töfrahnötturinn
- 17.51** Angelo ræður
- 17.59** Kapteinn Karl
- 18.12** Grettir
- 18.15** Tákn málsfréttir
- 18.25** Doktor Ása (3:8) (Dr. Ása II) (e) Sænsk þáttaröð um heilsu og heilbrigðan lífsstíl.
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veðurfregni
- 19.35** Kastljós
- 20.20** Líkamsrækt í jakkafötum (Horizon – The Truth about Exercise)
- 21.15** Hefnd (4:22) (Revenge) Bandarísk þáttaröð um unga konu, Amöndu Clarke, sem sneri aftur til The Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmið að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar.
- 22.00** Tíufréttir
- 22.15** Veðurfregni
- 22.20** Vestfjarðavíkingur 2011 Þáttur um keppni aflraunamanna á Vestfjörðum.
- 23.20** Millennium – Karlar sem hata konur (1:6) (Millennium) (e) Sænsk þáttaröð byggð á sögum eftir Stieg Larson um hörkutólið Lisbeth Salander og blaðamanninn Mikael Blomkvist. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 00.50** Kastljós (e)
- 01.30** Fréttir
- 01.40** Dagskrárlok

## BÍÓ

- 10.10** Mr. Popper's Penguins
- 11.45** Gosi
- 13.30** The Last Song
- 15.15** Mr. Popper's Penguins
- 16.50** Gosi
- 18.35** The Last Song
- 20.20** I Could Never Be Your Woman
- 22.00** Sideways
- 00.05** Any Given Sunday
- 02.35** I Could Never Be Your Woman
- 04.10** Sideways

## STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
- 08.05** Malcolm In the Middle (1:22)
- 08.30** Ellen (69:170)
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** Doctors (55:175)
- 10.15** Wipeout USA (13:18)
- 11.00** Drop Dead Diva (10:13)
- 11.45** Falcon Crest (22:29)
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** American Idol (32:39) (33:39)
- 14.45** ET Weekend
- 15.35** Barnatími Stöðvar 2
- 16.50** Bold and the Beautiful
- 17.10** Nágrannar
- 17.35** Ellen (42:170)
- 18.23** Veður
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.47** Íþróttir
- 18.54** Ísland í dag
- 19.11** Veður
- 19.20** The Big Bang Theory (19:23)
- 19.40** The Middle (10:24)
- 20.05** Glee (9:22) Fjórða þáttaröðin um sönghóp í menntaskóla sem leggur allt í sölnar til að gera flottar sýningar.
- 20.55** Covert Affairs (4:16) Önnur þáttaröðin um Annie Walker sem var nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún var skyndilega kölluð til starfa. Hún talar sjö tungumál reiprennandi en er alls ekki tilbúin til að fást við þær hættur sem starfinu fylgja. Hennar nánustu mega ekki vita við hvað hún starfar og halda að hún hafi fengið vinnu á Smithsonian-safninu.
- 21.40** Red Riding – 1974 Fyrsti hluti af æsispennandi og mögnuðum þríleik sem byggður er á sögnum sögum. Annar hlutinn verður á dagskrá mánudaginn 14. janúar.
- 23.20** Medium (13:13)
- 00.05** The Gambler, the Girl and the Gunslinger
- 03.20** Doctor Strange
- 04.35** Drop Dead Diva (10:13)
- 05.20** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 07.00** FA bikarinn: Mansfield – Liverpool
- 16.15** Spænski boltinn: Barcelona – Espanyol
- 17.55** FA bikarinn: Swansea – Arsenal
- 19.35** FA bikarinn: Cheltenham – Everton BEINT
- 21.45** Spænsku mörkin
- 22.15** Ensku bikarmörkin
- 22.45** FA bikarinn: Cheltenham – Everton

## SPORT 2

- 17.45** Premier League Review Show 2012/13 Sýndar svipmyndir frá leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.40** David Beckham Í þessum þætti verður ferill David Beckham skoðaður og helstu afrek þessa frábæra leikmanns skoðuð.
- 19.10** Liverpool – Arsenal
- 21.10** Premier League Review Show 2012/13
- 22.05** Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
- 22.35** Southampton - Aston Villa

## krakkar

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2 Samsent barnaefni frá Stöð 2.
- 08.25** Svampur Sveinsson
- 08.45** Doddi litli og Eyrnastór
- 09.00** UKI
- 09.10** Elías
- 09.20** Strumparnir
- 09.45** Latibær (12:18)
- 10.10** Ofurhundurinn Krypto
- 10.35** Histerial!
- 11.00** Stöð 2 Krakkar – barnatími
- 17.00** Villingarnir
- 17.20** Ofurmennið
- 17.45** Njónskakólinn (12:13)

## POP TV

- 17.05** Simpson-fjölskyldan (13:22)
- 17.30** ET Weekend
- 18.15** Gossip Girl (19:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölbókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
- 19.00** Friends (11:23) Rachel heim-sækir vinnustaðinn sinn til að sýna Emmu litlu og það kemur henni á óvart að þar er myndarlegur maður sem hefur verið að leysa hana af. Joey reddar Phoebe aukahlutverki í þættinum sínum og Chandler þarf að finna sér nýja vinnu þar sem Monica þráir fjölskyldu sem fyrst.
- 19.20** How I Met Your Mother (8:24)
- 19.45** Simpson-fjölskyldan
- 20.10** The Cougar (8:8) Raunveruleikaþáttur um þroskaða konu sem er umkringd ungum mönnum sem þurfa að keppa um athygli hennar með ýmsum hætti. Markmiðið er að hún muni svo að lokum finna sálufélag sinn.
- 20.55** Hart of Dixie (18:22) Rachel Bilson leikur ungan lækni og stórborgarstúlku sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábær þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
- 21.35** The O.C (3:25) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Þriðja þáttaröð.
- 22.20** The Cougar (8:8)
- 23.05** Hart of Dixie (18:22)
- 23.45** The O.C (3:25)
- 00.30** Tónlistarmyndbönd Popptví

## GULL

- 18.15** Doctors (107:175)
- 19.00** Ellen (31:170)
- 19.40** Logi í beinni
- 20.25** Að hætti Sigga Hall (14:18)
- 20.55** Mér er gamanmál
- 21.30** Logi í beinni
- 22.15** Að hætti Sigga Hall (14:18)
- 22.45** Mér er gamanmál
- 23.15** Tónlistarmyndbönd Popptví

## SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
- 08.00** Rachael Ray (e)
- 08.45** Dr. Phil (e)
- 09.30** Pepsi MAX tónlist
- 16.20** Minute To Win It (e)
- 17.05** Rachael Ray
- 17.50** Dr. Phil
- 18.35** The 27 Inch Man (e) Sérkennileg heimildamynd um Edward Hernandez sem var smæsti maður veraldar.
- 19.25** America's Funniest Home Videos (24:48) (e)
- 19.50** Will & Grace (3:24) (e)
- 20.15** Parks & Recreation (9:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Í kjölfar atvinnumissis reynir Leslie að hafa áhrif á nærumhverfi sitt sem borgari frekar en embættismaður. Það gengur ekki sem skyldi.
- 20.40** Kitchen Nightmares (11:17) Matreiðslumaðurinn illgjarni Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa rekstri þeirra við.
- 21.30** Málið (1:6)
- 22.00** CSI (1:22) Einir vinsælustu þættir frá upphafi á SkjáEinum.
- 22.50** CSI (11:23) Fyrsta þáttaröð um Gil Grissom og félag hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Las Vegas.
- 23.30** Law & Order: Special Victims Unit (18:24) (e)
- 00.20** The Bachelor (8:12) (e)
- 01.50** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00** ESPN America **06.35** Tournament of Champions 2013 (3:4) **13.05** Inside the PGA Tour (1:47) **13.30** US Open 2006 - Official Film **14.30** Tournament of Champions 2013 (3:4) **21.00** Tournament of Champions 2013 (4:4) **01.00** ESPN America

## INN

- 20.00** Ung á öllum aldri **20.30** Golf, golf, golf **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Eldhús meistaranna

**ÚTVARP** FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2 FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Kaninn FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útvarp Latibær FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útvarp Boðun

10 bókstafa stúlka í líklegri að þú hafir orðið fyrir kynferðisofbeldi en að þú reykir

Ég hef þú í Bandaríkjunum heita ég náð mér í byssu og plaffað nidur líðið

Það er ráðist inn í beini í venjulegs fólks til að innheimta skuldir

Ég þori ekki að láta renna af mér

Þetta smíð bara um næsta korteríð

# EKKI MISSA AF NEINU

## 595 6000

www.skjareinn.is

# MÁLIÐ – Í KVÖLD KL. 21:30

Fyrsti þáttur í opinni dagskrá í boði DV

**SKJÁREINN**

# SKIPTIBÓKAMARKAÐUR

Ódýrar skiptibækur!

Skiptibókamarkaður  
**Griffils** er nú einnig  
í verslunum Eymundsson

Austurstræti  
Smáralind  
Suður - Kringlu  
Hafnarfirði  
Keflavík  
Akranesi  
Ísafirði  
Akureyri  
Vestmannaeyjum

**ALLS STAÐAR SAMA  
VERÐ Á BÓKUNUM!**



FYLLTU Á RITFANGAFORÐANN OG **VERTU KLÁR** FYRIR NÝJA ÖNN Í SKÓLANUM



Stílabækur  
**1.399 kr.**  
5 stk. í pakka.



Blý  
**179 kr.**  
Pakkinn. Fæst í  
0,5 mm og 0,7 mm.

Skrúfblyantur  
**149 kr.**  
stykkið.



Spjaldskrárkort  
**899 kr.**  
Pakkinn. A6. Gul, bleik,  
appelsínugul  
eða græn.



Áherslupenni  
**95 kr.**  
Stykkið. 4 litir.



A3 verðlistamappa  
**1.499 kr.**  
Stykkið.



## MÁNUDAGSLAGIÐ



„Lovely Day er lagið sem kemur vikunni af stað hjá mér.“

Aron Bergmann Magnússon, leikmyndahönnuður og myndlistarmaður.

## Styrkja fórnarlömb skotárásar í Newtown

Rafhljómsveitin Broken Devices á lög á safnplötu til styrktar fórnarlamba skotárásar í Bandaríkjunum.

„Ég sá frétt frá útgáfufyrirtækinu FIXT um að það ætlaði að setja saman safnplötu til styrktar fórnarlömbum skotárásarinnar í Newtown. Ég sendi því póst og sagðist vilja aðstoða á einhvern hátt og fékk svar um að ég ætti að senda því lögin. Ég gerði það og bjóst ekki við því að heyra frá því aftur. Nokkrum klukkustundum síðar fæ ég þó sendan samning frá fyrirtækinu þar sem það óskar eftir að fá að nota lögin,“ segir Sigurvin Haraldsson, meðlimur rafhljómsveitarinnar Broken Devices, sem á tvö lög á safnplötunni Music for Newton sem kom út á netinu í gær. Allur ágóði plötusölu mun renna til fórnarlamba skotárásarinnar sem átti sér stað 14.

desember í Sandy Hook-grunnskólanum í Newtown í Bandaríkjunum.

Sigurvin segist hafa tekið atburðinn mjög nærri sér vegna þess að hann á frænku sem búsett er í Bandaríkjunum og eiginkona hans býr einnig erlendis með son þeirra. „Ég hugsaði hvernig mér mundi líða ef fjölskyldan mín hefði lent í atburði sem þessum og fann mjög til með fólkinu. Þetta var hræðilegur atburður og yngstu fórnarlömbin voru svo ung.“

Lögum á plötunni lýsir Sigurvin sem rólegum og dramatískum. Hægt er að nálgast þau á vefsíðunni [www.groupees.com/newtown](http://www.groupees.com/newtown) og rennur allur ágóði söluinn óskertur til fórnarlamba árásarinnar.



LÁTA GOTT AF SÉR LEIÐA Stefán Páll Þórðarson og Sigurvin Haraldsson skípa Broken Devices. MYND/AUÐUNN



BÚLLAN Hamborgarabúlla Tómasar opnar sitt fyrsta útibú á landsbyggðinni á Selfossi.

## Sjöunda Búllan opnuð á Selfossi

Hamborgarabúlla Tómasar heldur áfram landvinninum sínum, nú við Eyravegin á Selfossi.

„Þetta er skyndibitabær eins og allir vita. Það er helsta ástæðan fyrir því að hann varð fyrir valinu,“ segir Gunnar Már Þráinsson, rekstrarstjóri Búllunnar á Selfossi. Hamborgarabúlla Tómasar opnar sitt fyrsta útibú á landsbyggðinni í kringum 20. janúar, við Eyraveg á Selfossi. Þetta verður sjöunda Búllan í röðinni. Fyrir eru staðir við Geirsgötu, Ofanleiti, Bankastræti, Bíldshöfða, í Hafnarfirði og í London en stutt er síðan síðastnefndi staðurinn var opnaður. Fyrsti staðurinn, við Geirsgötuna, var aftur á móti opnaður í apríl 2004.

Að sögn Gunnars er kominn mikill spenningur í Selfyssinga enda verður þetta eini staðurinn í bænum sem sérhæfir sig í hamborgurum. „Fólk er að taka vel í þetta og það hefur verið að kíkja

hingað inn. Þetta hefur líka fengið góð viðbrögð hjá sumarbústaðafólkinu hérna í kring.“

Framkvæmdir hafa staðið yfir í um fjóra mánuði og aðeins á eftir að ganga frá smáatriðum áður en hægt er að opna staðinn. Eigandi er Tómas A. Tómasson, sem er best þekktur sem Tommi í Tómmaborgurum, sem hann stofnaði árið 1981 og rak í rúm þrjú ár.

Spurður hvort fleiri Búllur séu fyrirhugaðar utan höfuðborgarsvæðisins segir Gunnar Már: „Við höfum tröllatru á Selfossi. Það er ekkert planað eins og staðan er í dag en það getur vel farið svo ef þetta gengur upp.“ Einn annar Búllustaður er þó í fæðingu, í Kaupmannahöfn. „Það er búið að finna húsnæði en fyrst ætlum við að klára Selfoss.“



VINSÆLASTUR Dýrð í dauðapögn er söluhæsta frumraun íslenskrar tónlistarsögu þegar tölur yfir útgáfuárið eru skoðaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Dýrð í dauðapögn er söluhæsta frumraunin

Plata Ásgeirs Trausta hefur selst mest allra á Íslandi á útgáfuári sínu.

Dýrð í dauðapögn með Ásgeiri Trausta er söluhæsta frumraun íslenskrar tónlistarsögu á Íslandi þegar tölur yfir útgáfuárið eru skoðaðar.

Platan kom út í september og seldist í um 22 þúsund eintökum fyrir jólin, samkvæmt útgefandanum Senu, þegar allir söluáðilar og allar útgáfur plötunnar eru teknar með í reikninginn. Engin önnur frumraun hefur selst jafnmikið á útgáfuári sínu hér á landi.

Of Monsters and Men hefur einnig selt sína fyrstu plötu, My Head Is An Animal, í um 22 þúsund eintökum samkvæmt Record Records en þær tölur ná yfir tvö ár. Platan kom út 2011 og seldist þá í um 9 þúsund eintökum. Á síðasta ári bættust um 13 þúsund eintök í sarpinn.

Eiður Arnarsson hjá Senu, sem gaf út Dýrð í dauðapögn, segir sig ekki hafa órað fyrir þessum gífurlegu vinsældum þegar hann fékk plötuna fyrst í hendurnar. „Það fyrsta sem ég sagði við samstarfsmenn mína var að við yrðum alla vega stoltir af að hafa gefið hana út. Þessu fylgdi von um að hún myndi standa undir sér,“ segir hann en þá hefði hún þurft að seljast í um tvö til þrjú þúsund eintökum. Annað átti heldur betur eftir að koma á daginn.

Ásgeir Trausti fékk mikið umtal áður en platan kom og var eftirvæntingin eftir Dýrð í dauðapögn því meiri en áður hafði þekkt varðandi fyrstu plötu tón-

### Söluhæstu frumraunirnar síðasta vor

Lista yfir söluhæstu frumraunir íslenskrar tónlistarsögu má finna í tölum sem voru teknar saman m.a. fyrir útgáfu bókarinnar 100 bestu plötur Íslandssögunnar, sem kom út 2009, og voru uppfærðar síðasta vor vegna átaks FHF (Félags hljómplötuframleiðenda) vegna söluhæstu platan Íslandssögunnar. Söluölurnar endurspeglan langan tíma, eða frá útgáfudegi til síðasta vors.

Samkvæmt þeim hefur Of Monsters and Men selt um 11 þúsund eintök af plötu sinni en frá síðasta vori hefur sú tala tvöfaldast og er listinn því ekki lengur marktækur hvað þá plötu varðar. Dýrð í dauðapögn var ekki komin út þegar tölurnar voru teknar saman en væri núna í öðru af tveimur efstu sætum ásamt My Head Is An Animal. Þetta er sérlega góður árangur því platan kom út í september í fyrra á meðan hinar plötur hafa verið fánlegar í einhverjum árum eða áratugi.

### Svona leit listinn út síðasta vor:

1. Olga Guðrún Árnadóttir – Eniga meniga (1976) um 20.000 eintök
2. Stuðmenn – Sumar á Sýrlandi (1975) um 19.000 eintök
3. Írafár – Allt sem ég sé (2002) um 19.000 eintök
4. Garðar Cortes – Cortes (2005) um 16.000 eintök
5. Sigur Rós – Von (1997) um 16.000 eintök
6. Óskar Pétursson – Aldrei einn á ferð (2003) um 14.000 eintök
7. Bubbi Morthens – Ísbjarnarblús (1980) um 13.500 eintök
8. Lay Low – Please don't hate me (2006) um 11.500 eintök
9. Jóhanna Guðrún – 9 (2000) um 11.000 eintök
10. Mugison – Mugimama is this monkeymusic? (2004) um 11.000 eintök
11. Of Monsters and Men – My head is an animal (2011) um 11.000 eintök
12. Selma – I am (1999) um 10.500 eintök
13. Hjálmar – Hjálmar (2005) um 10.500 eintök
14. XXX Rottweiler hundar – XXX Rottweilerhundar (2001) um 10.500 eintök

listarmanns. Eiður varð var við þetta og ákvað að panta auka upplag af plötunni áður en hún kom út, eitthvað sem hann hafði aldrei gert áður á löngum ferli sínum í bransanum. „Hálfum mánuði

fyrir útgáfu vissi maður að hann var að fara að gera mjög vel. Það er sjaldan sem finnur svona rosalega sterkt undirbyggjandi „buzz“,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is

**NESCAFÉ Alegria** Hvernig kaffi vilt þú?

Americano Espresso  
Lungo Cappuccino Latte Macchiato

**Kaupauki!**  
1ks af Jolly Cola (24 dósir)  
þú getur valið um að fá 1 ks (24 dósir) af Jolly gosi eða 6 glær, falleg kaffiglös í kaupauka þegar þú kaupir Nescafé Alegria kaffivél.

**Rekstrarvörur** - vinna með þér  
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

**RV** RÖVUÍS

# RÝMINGARSALA

**ÞÚ BARA MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU**

## VIÐ LOKUM SPORTBÚÐINNI ALLT Á AÐ SELJAST

- BYSSUSKÁPAR Á MIKLUM AFSLÆTTI
- FLUGUSTANGIR Á ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
- RIFFLAR Á GRÍÐARLEGUM AFSLÆTTI
- VÖÐLUR Á STÓRFENGLEGUM AFSLÆTTI
- SPÚNAR Á SVÍVIRÐILEGUM AFSLÆTTI
- GÆSAGALLAR Á LYGILEGUM AFSLÆTTI
- HAGLABYSSUR Á ÓHEYRILEGUM AFSLÆTTI
- GERVIGÆSIR Á MÖGNUM AFSLÆTTI
- HAGLASKOT Á SMÁAFSLÆTTI
- VEIÐIJAKKAR Á OFSAFENGNUM AFSLÆTTI
- FLUGULÍNUR Á SVAKALEGUM AFSLÆTTI
- VEIÐIHJÓL Á HRIKALEGUM AFSLÆTTI
- TAUMAR OG SÖKKENDAR Á AFSLÆTTI
- KASTSTANGIR Á KLIKKUÐUM AFSLÆTTI
- STRANDVEIÐIHJÓL Á MIKLUM AFSLÆTTI
- KAYAKAR Á FLOTTUM AFSLÆTTI

**FULLT AF ALLSKONAR Á HÁLFVIRÐI**

**OPIÐ TIL 18 FÖSTUDAG**

**10 TIL 16 Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG**

**Við lokum Sportbúðinni  
í janúar. Allar vörur á  
miklum afslætti.**



**SPORTBÚÐIN**

**KRÓKHÁLSI 4 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050**

**MÁN. TIL FÖS. - 10 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16**

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Hélt uppi stuðinu

Nýársfögnuður borgarstjórnar fór fram með pompi og prakt um helgina. Gleðskapurinn fór fram á Höfða þar sem mátti meðal annars sjá Gísla Marteín Baldursson og eiginkonu hans, Völu Ágústu Káradóttur, skemmta sér. Einnig mættu þar Hanna Birna Kristjánsdóttir og Heiða Kristín Helgadóttir sem báðar freista þess að láta til sín taka í landsmálunum á næsta kjörtímabili, sú fyrrnefnda fyrir Sjálfstæðisflokkinn og hin síðarnefnda fyrir Bjarta framtíð.



Tónlistarmaðurinn góðkunnni **Gylfi Þegisson** sá um að halda uppi stuðinu og gestir virtust kunna vel við hans ljúfu tóna.

#### Tróðu óvænt upp á Snaps

Hljómsveitin Nýdönsk hélt sem kunnugt er upp á 25 ára afmæli sitt á nýliðnu ári. Hljómsveitarmeðlimir fögnuðu svo nýja árinu saman ásamt mökum og fleirum á veitingastaðnum Snaps á föstudagskvöldið. Undir lok kvölds settist svo **Jón Ólafsson** við píanóið og þeir **Björn Jörundur** og **Daníel Ágúst** sungu lag fyrir aðra gesti staðarins, sem voru hinir kátustu með uppátækið og klöppuðu hljómsveitarmeðlimina upp. Þeir urðu við óskum gestanna og spiluðu Klæddu þig við góðar undirtektir áður en staðnum var lokað.

-áp, - þeb



#### Mest lesið

- 1 Besti staðurinn til að vera á
- 2 Steingrímur og Jóhanna eru „grumpy old men“
- 3 Flugvél tískukóngs gufaði upp
- 4 Flugdólgurinn öskraði á lögregluna „Það er snákur á fætinum mínum“
- 5 Klífraði upp á þak og neitaði að koma niður
- 6 Pabbinn vill opinbera nafnið
- 7 Segir olíuskatta ýta undir að frekar verði borað Noregsmegin
- 8 Ítalir fórust í snjóflóði

**Straumur**  
mánudagskvöld kl. 22

# ÚTSALA

## REKKJUNNAR

# 30-60%

# AFSLÁTTUR!

**DOVER**  
Queen Size rúm (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 247.068 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ 158.123 kr.**  
= 36% AFSLÁTTUR!

**HEILSUKODDAR**  
**20-30% AFSLÁTTUR!**

**50% AFSLÁTTUR**

**CREAM**  
Queen Size rúm (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 175.398 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ 87.699 kr.**

**HANDKLÆDI OG SÆNGURFÖT 40% AFSLÁTTUR**

**SÉRSTAKT TILBOÐ**  
Á eldri gerðum af rúmgöflum og öllum rúmteppum

**60% AFSLÁTTUR**

# rekkjan